



Á annan tug manns býr í húsbílum á tjaldstæðinu í Laugardalnum í Reykjavík. Samkvæmt þeim sem Fréttablaðið ræddi við búa umræddir einstaklingar einkum þar vegna óhagstæðs húsnæðismarkaðar. Fjöla Stefánsdóttir hefur búið á tjaldstæðinu síðan í sumar. Hún segist hafa flutt þangað þegar leiga hennar hækkaði. Fjöla er hins vegar að flytja í félagsíbúð á næstunni. „Það verður gott að geta eldað á eldavel og komist á klósettið,“ segir hún. Fjallað er ítarlega um fasteignamarkaðinn á blaðsíðu átta í Fréttablaðinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Þarf fimmtán nýjar borholur á Hellisheiði

Orka náttúrunnar þarf að ráðast í 13 milljarða fjárfestingu til að tryggja gufuöflun fyrir Hellisheiðarvirkjun. Gert var ráð fyrir sjö megavatta falli í afköstum – en reyndin varð 20 megavött. Án tengingar við Hverahlíð hefði staðan verið grafalvarleg.

**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, þarf á næstu sex árum að ráðast í rúmlega 13 milljarða króna fjárfestingu til að viðhalda gufuöflun fyrir Hellisheiðarvirkjun. Þegar hefur verið boðin út borun á sjö nýjum holum á næstu þremur árum. Ekki er enn þá vitað hversu margar holur þarf til að viðhalda fullum afköstum. Endurskoðuð áætlun ON gerir ráð fyrir 15 holum á næstu 10 árum.

Háhitavæðið í Hverahlíð stendur í dag undir 50 MW rafmagnsvinnslu í virkjuninni en upprunalega vinnsluvæðið næst virkjuninni 225 MW – uppsett afl virkjunarinnar er 303 MW. Auk borunar eftir gufu er gert ráð fyrir um fimm milljarða króna kostnaði út árið 2022 vegna niðurdælingar á jarðhitavatni frá virkjuninni.

Það var ljóst árið 2012 að frekari gufuöflun fyrir Hellisheiðarsvæðið væri aðkallandi, þegar það lá fyrir

Við sáum fram á að Hverahlíðarlögnin myndi ein og sér ekki duga eins lengi og við áætluðum.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR

að jarðhitavæðin næst virkjuninni önnuðu ekki fullum afköstum hennar. Árið 2013 töldu vísindamenn að afköst myndu falla um sem jafngildir

sjö megavöttum á ári að meðaltali og viðurkennt var að uppbygging virkjunarinnar hefði verið of hröð.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR og stjórnarformaður Orku náttúrunnar, segir að fljótlega hafi verið ljóst að áætlanir um afköst gufusvæðanna næst virkjuninni stæðust ekki.

„Þegar líður á árið 2014 kemur í ljós að vinnslugeta virkjunarinnar fellur hraðar en við þjuggumst við. Við sáum fram á að Hverahlíðarlögnin

myndi ein og sér ekki duga eins lengi og við áætluðum – sem var fimm til sjö ár, en á þeim tíma ætluðum við að vinna að rannsóknum á gömlu svæðunum á Henglinum. Fallið á vinnsluvæðunum í kringum Hellisheiðarvirkjun var hraðara – eða um 20 MW á ári,“ segir Bjarni og viðurkennir að þær niðurstöður hafi verið áfall. Hann segir jafnframt að tenging við Hverahlíð hafi bjargað rekstri Hellisheiðarvirkjunar. – shá / sjá síðu 6

## Vilja til Íslands

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sjöttu prósent aðspurðra í viðhorfsrannsókn Íslandsstofu eru jákvæð í garð Íslandsheimsóknar og helmingur svarenda er jákvæður gagnvart ferðalagi til Íslands utan sumartíma. Um aukningu er að ræða síðan slík könnun var gerð síðast, árið 2014. – joe / sjá síðu 4

## Styðja Ómar í stjórnina

**MARKAÐURINN** Hópur einkafrjárfesta, sem samanstendur m.a. af Finni Rey Stefánssyni og Tómasi Kristjánssyni, á orðið um 1,5 prósentu hlut í Ícelandair og hyggst tefla fram Ómari Benediktssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Air Atlanta, í kjöri til stjórnar á aðalfundi. – hae / sjá síðu 14

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kári Stefánsson veltir fyrir sér þönkum að baki bakþönkum Sírýjar Hallgrímsdóttur. **22**

**SPORT** Hrafnhildur Skúladóttir vill draumaúrslitaleik á milli Fram og Stjörnunnar. **24**

**MENNING** Nýtt leikrit um Þórberg frumsýnt í Tjarnarbiði. **32**

**LÍFID** Emmsjé Gauti sendir frá sér gamaldags tölvuleik í samstarfi við AK Extreme. **42**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

KONU  
KVÖLD

GLÆSILEG  
TILBOÐ INNI  
Í BLAÐINU

OPIÐ TIL  
**22**  
Í KVÖLD

Kringlan

LÉTT  
BYLGJAN

### HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGHIHLUTUM  
YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



TÉKK 45 ÁRA  
KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

### SMÁRALIND

BRAGÐAREFUR  
Í SMÁRALIND

VÍSINDASÝNING FYRIR  
KLÓKA KRAKKA



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD



## Veður



Allhvöss eða hvöss suðaustanátt norðaustanlands í dag, en gola eða kaldi suðvestan- og vestanlands. Viða él, en snjócoma eða slydda austan Örefa.

**SJÁ SIÐU 30**



Nýherji kynnti í lok janúar uppgjör sitt fyrir 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nýherji upp um 26 prósent

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í Nýherja hækkuðu um 3,7 prósent í gær og hafa því farið upp um 26 prósent frá síðustu mánaðamótum.

Bréf í Marel hf. hækkuðu um 1,1 prósent í gær og verslunarfyrirtækinu Haga um 0,9 prósent. Hlutir í Högum hafa aftur á móti lækkað í verði um sjö prósent á síðustu tíu dögum. Sjávarútvegsfyrirtækið HB Grandi lækkaði um 3,6 prósent. Fasteignafélagið Reitir og olíufélagin N1 og Skeljungur fóru öll niður um rúmt eitt prósent. Þá lækkaði Icelandair Group um 0,9 prósent og hafa bréf flugfélagsins því fallið um 26 prósent frá mánaðamótum. - hg

## Sjómenn kæra kosningu

**KJARAMÁL** Hópur sjómanna undirbýr að kæra til félagsdóms framkvæmd atkvæðagreiðslu um kjarasamning sjómanna. Heiðveig María Einarasdóttir, talsmaður sjómanna, segir meginástæðuna vera þá að of stuttur timi hafi liðið frá því að samningar voru undirritaðir og þangað til atkvæði voru greidd um þá.

„Þetta snýst um að samningurinn sé samþykktur án alls vafa og því er ekki til að dreifa með þessari framkvæmd,“ segir Heiðveig. Auk þess að kæra málið til félagsdóms verður ASÍ beðið um úrskurð eða bindandi álit um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. - jhh

## Aukin aðsókn á stjörnuveitingastað



„Við vöknudum í morgun með 300 email og síminn er ekki búinn að stoppa,“ segir Hinrik Carl Ellertsson, rekstrarstjóri á Dill. Það er fyrsti íslenski veitingastaðurinn sem fær Michelin-stjörnu. Hér eru Kári Þorsteinsson og Kristinn Gísli Jónsson í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sjö plánetur áþekkar jörðu

**VÍSINDI** Stjörnufræðingar hafa fundið sjö reikistjörnur, sem eru álika stórar og jörðin, í sólkerfi um fjörutíu ljósárum frá jörðu. Þar af eru sex þeirra álika hlýjar og jörðin.

Frá þessu var greint í kynningu NASA í Bandaríkjunum í gær. Notaðir voru sjónaukar víða um heim. Reikistjörnurnar sem um ræðir eru í sólkerfinu sem er á braut um rauðu dvergstjörnuna TRAPPIST-1. Reikistjörnurnar nefnast því TRAPPIST-1b, c, d, e, f, g og h í röð frá TRAPPIST-1 sjálfri.

Þrjár reikistjárnanna eru í lífbelti sólkerfisins. Þar gæti því verið fljótandi vatn og jafnvel líf.

Böðað var til blaðamannafundarins fyrir í vikunni og sagt að þar yrði talað um reikistjörnur í öðrum sólkerfum. Varð það til þess að vangaveltur um að líf hefði fundist á öðrum hnöttum spruttu upp. - þea

# Hjónin í World Class byggja á Arnarnesi

World Class-hjónin Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir hyggjast flytja á besta stað á Arnarnesi en þau hafa fest kaup á lóðinni við Haukanes 22 af Hjörleifi Jakobssyni fjárfesti. Björn segist hlakka til að komast í sjávarútsýni að nýju.

**NÝBYGGING** World Class-hjónin Björn Leifsson og Hafdís Jónsdóttir hyggjast flytja á Arnarnesi en þau hafa keypt lóðina við Haukanes 22. Lóðin var áður í eigu Hjörleifs Jakobssonar fjárfestis sem var búinn að láta teikna húsið og byrjaður að steypa grunninn. Byggingarleyfið er fyrir 592 fermetra húsi og 62 fermetra bílskúr en alls er lóðin 1.467 fermetrar.

Byggingarfulltrúi Garðabæjar samþykkti á fundi sínum í vikunni innri breytingar á húsinu sem snúa meðal annars að stækkun rýmisins neðanjarðar. „Mér liggur ekkert á að flytja. Ég er ekkert að stressa mig og ætla að gefa mér kannski tvö til þrjú ár í þetta. Ég kem úr sjávarplássi og mig langar að hafa sjávarútsýni,“ segir Björn, sem ólst upp á Flateyri og gekk í grunnskólann á Núpi. Þaðan fór hann í Vélskólann á Ísafirði, lauk þar þriðja stigi námsins og lauk því í Vélskólann í Reykjavík árið 1979.

Björn og Hafdís búa nú í Fossvoginum þar sem veðursældin þykir einstök á höfuðborgarsvæðinu. En hann segir að hafið hafi alltaf togað í sig og að hann sé búinn að vera lengi að leita að húsi með sjávarútsýni. Lóðin við Haukanes sé á slíkum stað – með frábært útsýni út Skerjafjörðinn.

World Class stefnir að því að byggja líkamsræktarstöð í Garðabæ en spurður hvort hann verði með sína eigin stöð í nýja húsinu segist hann efast um það. „Það er reyndar gert ráð fyrir smá spa inni í húsinu. Kannski verð ég með eitt hlaupabretti til að geta hlaup-



Lóðin við Haukanes 22 er með stórkostlegt útsýni út Skerjafjörðinn. Litið er byrjað að gera á lóðinni. Þó er búið að steypa grunn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

íð með sjávarútsýni yfir vetrarmánuðina,“ segir hann og hlær.

Fyrir utan að stefna á Garðabæ er World Class að stækka við sig í Mosfellsbæ og í gær bærust



„Ég er ekkert að stressa mig og ætla að gefa mér kannski tvö til þrjú ár í þetta. Ég kem úr sjávarplássi og mig langar að hafa sjávarútsýni.“

Björn Leifsson

fréttir af því að stöðin hefði fengið úthlutað lóð við Tjarnarvelli í Hafnarfirði. Það verður því nóg um að vera hjá Birni í byggingaframkvæmdum á árinu. „Það vantar líkamsræktarstöð í Garðabæ. Stöðin í Mosfellsbæ er hreinlega orðin of litil og það hefur lengi verið í deiglu að komast á góðan stað í Hafnarfirði. Það verður því nóg um að vera.“ benediktboas@365.is

# Wrapmaster

## ...ómissandi í eldhúsið!



Hlaða



Draga út og vefja



Þrýsta og skera



Geyma

- Klippir álfilmur og plast
- 35% sparnaður
- Ódýrari áfyllingar
- Má setja í uppþvottavél
- Afar auðvelt í notkun



Engar flækjur Ekkert vesen

Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni, Kjarval og Húsasmiðjunni.



# Ljósleiðari hjó Nova!

Fáðu öfluga háhraðanettengingu inn á nútímaheimilið. Einfaldaðu þér lífið, slepptu heimasímanum og sjónvarpsboxinu og horfðu á sjónvarpið yfir netið. Gerðu verðsamanburð, fáðu ljósleiðara hjá Nova og lækkaðu netreikninginn.

**TÖLUM SAMAN**  
um hraða

**100 GB**

**Netnotkun** 3.990 kr.  
Aðgangsgjald 2.680 kr.  
Leiga á beini 690 kr.  
**Samtals** 7.360 kr.

Hver 100 GB umfram 990 kr.

**1000 GB**

**Netnotkun** 5.990 kr.  
Aðgangsgjald 2.680 kr.  
Leiga á beini 690 kr.  
**Samtals** 9.360 kr.

Hver 100 GB umfram 990 kr.

Aðgangsgjald miðast við 500 Mb/s. 1.000 Mb/s kosta 3.180 kr.

Pantaðu ljósleiðara í þjónustuveri Nova í síma 519 1919 eða á [www.nova.is](http://www.nova.is)

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

**NOVA**



# Viðhorf útlendinga til Íslands jákvæðara nú en árið 2014

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sjötíu prósent aðspurðra í viðhorfsrannsókn Íslandsstofu eru jákvæð í garð Íslandsheimsóknar og helmingur svarenda er jákvæður gagnvart ferðalagi til Íslands utan sumartíma. Um aukningu er að ræða síðan slík könnun var gerð síðast, árið 2014.

Rannsóknin var tvíþætt. Annars vegar var rætt við 5.000 neytendur frá Bretlandi, Frakklandi, Þýska-

landi og Danmörku. Að auki voru könnuð viðhorf erlendra söluaðila Íslandsferða. Þar kemur fram að 80 prósent söluaðila upplifa svipaða eða aukna sölu á síðasta ári samanborið við árið 2015.

„Við sjáum að erlendir söluaðilar hafa smá áhyggjur af verðlaginu hér og hvort það geti haft áhrif á eftirspurnina. Þeir telja samt að þeir muni halda áfram að selja jafn-

**Við sjáum að erlendir söluaðilar hafa smá áhyggjur af verðlaginu hér.**

Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu



mikið,” segir Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

Niðurstöðurnar eru nokkuð áhugaverðar í ljósi þess að hér heima er umræðan um ferðaþjónustu öðru hvoru á neikvæðum nótum.

„Við verðum að venja okkur á það að skoða staðreyndir en ekki tilfinningar í þessum efnum. Stað-

reyndin er sú að kannanir um efnið sýna að flestir eru jákvæðir í garð ferðaþjónustunnar,” segir Inga. Hún segir jákvætt að sjá það skila sér að erlendir ferðamenn og fjölmiðlar horfi ekki lengur á Ísland eingöngu heldur meira á sérstaka landshluta.

Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á fundi á Hilton Reykjavík Nordica í dag og hefst fundurinn klukkan 10. – jõe



Í Fjarðabyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjarðabyggð þarf sálfræðinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Fræðslustjóri Fjarðabyggðar segir vandamál tengd sálfræðiþjónustu fyrir grunnskólabörn í meginatriðum tvíþætt.

„Annars vegar eru það langir biðlistar hjá sálfræðiþjónustu Skólaskrifstofu Austurlands, en hún annast stig 2 og 3 fyrir Austurland og hins vegar er skortur á sálfræðiþjónustu innan HSA, en stofnunni hefur ekki tekist að ráða í stöðugildi sem stofnunin hefur til ráðstöfunar,” segir um innihald minnisblaðs fræðslustjórans í fundargerð félagsmálanefndar. „Í minnisblaðinu kemur einnig fram að þeir sem þjónustuna veita séu vel meðvitaðir um stöðuna, en skortur sé á fagfólki og fjármagni.“ – gar

## Dómari sýknaði sláturbílsstjóra

**DÓMSMÁL** Sláturbílsstjóri var á dögnum sýknaður af ákæru um að hafa ekið um með lifandi sauðfé án þess að billinn væri búinn safnþró eða safngeymi fyrir úrgang.

Maðurinn var stöðvaður af eftirlitsmönnum Samgöngustofu í Akrahreppi í október 2015 þegar hann var á leið frá Óxarfirði til Saudárkróks með sauðfé sem átti að slátra. Í skýrslu eftirlitsmanna sagði að úrgangur hafi lekið af bílnum.

Bílsstjórannum var gefinn kostur á að ljúka málinu með sektargreiðslu, en hann varð ekki við því. Í skýrslutöku fyrir dómi sagði hann að billinn hefði verið útbúinn safngeymi og að hann hefði ekki vitað að úrgangur hefði lekið. – jõe

# Fulltrúar launþega þungir á brún en þöglir um stöðuna

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vinna nú hratt að því að meta hvort forsendur kjarasamninga séu brostnar. Forsendunefnd hittist á þriðjudag og samninganefnd ASÍ hefur verið virkjuð. Nokkrar launþegastéttir urðu fyrir skerðingu í sjómannaverkfalli og ættu því erfitt með að fara sjálfar í verkfall.

**VINNUMARKAÐUR** Samninganefnd Alþýðusambands Íslands kom saman í gær til að ræða stöðu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og mögulegan forsendubrest samninganna. Forsendunefnd ASÍ og SA kom saman í fyrradag til að fara yfir forsendur samninganna en niðurstöðu viðræðna þeirra er að vænta í lok mánaðarins.

Þrjár forsendur eru í samþykktum kjarasamningi frá vorinu 2015. Í fyrsta lagi um efnidir um félagslegar íbúðir, aukid framboð húsnæðis, lækkuð byggingarkostnaðar, stuðning við kaup á fyrstu íbúð. Í annan stað um að launahækkunar samnings ASÍ og SA hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samninga og í þriðja lagi um aukinn kaupmátt á samningstímanum.

Forseti og báðir varaforsetar Alþýðusambandsins hafa látið í veðri vaka að forsendur væru brostnar og samningar gætu opnast í byrjun mars. Hækkun kjararáðs á launum kjörinna fulltrúa hefur þar haft mikið að segja og farið þversum ofan í launþegahreyfinguna.

Fjórir einstaklingar sitja í forsendunefnd ASÍ og SA, tveir frá hvorum aðila. Mun hópurinn samkvæmt kjarasamningnum hafa tíma til 28. febrúar til að svara því hvort forsendur samnings haldi eða ekki.

Haldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir ekki tímabært að ræða það hvað hafi komið út úr fundi forsendunefndar.

„Við funduðum á þriðjudag um stöðu mála. Við munum síðan hafa tíma til loka mánaðarins til að senda frá okkur niðurstöðu. Á meðan svo er mun ég ekki tjá mig um efni



Staðan á vinnumarkaði verður mjög flókin ef samningar verða opnaðir að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Við funduðum á þriðjudag um stöðu mála. Við munum síðan hafa tíma til loka mánaðarins til að senda frá okkur niðurstöðu.**

Haldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



fundarins,” segir Halldór Benjamín.

Samninganefnd ASÍ kom einnig saman í gær til að ræða þá stöðu sem er uppi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þungt hljóð í fulltrúum launþega. Björn Snæbjörns-son, formaður Einingar Iðju á Akureyri, segir ekki tímabært að ræða við fjölmiðla eins og staðan er núna. „Nú hafa bæði forsendunefndin og samninganefnd ASÍ komið saman. Nú verðum við að ræða við fólkið okkar, baklandið, og heyra frá þeim hvernig þau líta á stöðuna,” segir Björn.

Þó að niðurstaðan verði sú að for-

sendur séu brostnar getur verið biðleikur að fresta samningsgerð um eitt ár. Margir launþegar hafi í verkfalli sjómanna þurft að taka á sig miklar skerðingar. Erfitt væri fyrir fólk í fiskvinnslu að fara í langt verkfall eftir það sem á undan hafi gengið.

Einnig eru stórir hópar með opna samninga á árinu. Til að mynda kennarar, læknar og BHM. Að mati sumra innan Alþýðusambandsins gæti verið sniðugt að leyfa þessum hópum að byrja baráttuna. Því gæti Alþýðusambandið fylgt í kjölfarið í febrúar að ári. sveinn@frettabladid.is



## NÝTT OG FULLKOMIÐ BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Sinum öllum almennum bifreiðaviðgerðum.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér. Tímamantanir í síma 534 4433.





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

FYRIR ÁST ÞÍNA Á

AYGO



TVEGGJA ÁRA ÞJÓNUSTUPAKKI FYLGIR

Verð frá: 1.680.000 kr.

### Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár. Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

### VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600


**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM  
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU  
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI**



[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)



Rnr. 283981

NISSAN X-Trail Acenta 4WD.  
Nýskr. 06/15, ekinn 40 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 4.290 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370406

RENAULT Kadjar Expression 4WD.  
Nýskr. 01/16, ekinn 71 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370414

VW Golf Comfortline.  
Nýskr. 01/14, ekinn 66 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 2.650 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370439

SUBARU Forester Premium.  
Nýskr. 06/15, ekinn 88 þ.km,  
bensin, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.490 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 143922

SKODA Yeti Ambition 4X4 Panorama.  
Nýskr. 01/14, ekinn 57 þ.km,  
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.480 þús. kr.**

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 283872

HYUNDAI I30 classic.  
Nýskr. 04/15, ekinn 34 þ.km,  
bensin, beinskiptur.

**VERÐ 2.090 þús. kr.**

Staðsetning: Hyundai, Kaupúni 1

# bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



[www.facebook.com/bilaland.is](http://www.facebook.com/bilaland.is)

## Hverahlíð bjargaði rekstri á Hellisheiði

Orka náttúrunnar þarf að fjárfesta fyrir yfir 13 milljarða á Hellisheiði til að viðhalda gufuöflun fyrir virkjunina. Fallið á jarðhitasvæðinu reyndist þrefalt miðað við áætlanir, eða 20 MW á ári.

Svavar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



**ORKUMÁL** Orka náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, þarf á næstu sex árum að ráðast í rúmlega 13 milljarða króna fjárfestingu til að viðhalda gufuöflun fyrir Hellisheiðarvirkjun. Þegar hefur verið boðin út borun á sjö nýjum holum á næstu þremur árum. Ekki er enn þá vitað hversu margar holur þarf til að viðhalda fullum afköstum. Endurskoðuð áætlun ON gerir ráð fyrir fimmtán holum á næstu tíu árum.

Þetta er minni fjárfesting en gert var ráð fyrir í þeirri áætlun ON, sem samþykkt var í haust. Hins vegar eru þetta meiri boranir en vonast var til þegar áform um tengingu Hverahlíðarlagnar voru kynnt og fjallað var um í Fréttablaðinu snemmsumars 2013. Háhitasvæðið í Hverahlíð stendur í dag undir 50 MW rafmagnsvinnslu í virkjuninni en upprunalega vinnslusvæðið næst virkjuninni 225 MW – uppsett afl virkjunarinnar er 303 MW. Auk borunar eftir gufu er gert ráð fyrir um fimm milljarða króna kostnaði út árið 2022 vegna niðurdælingar á jarðhitavatni frá virkjuninni.

Það var ljóst árið 2012 að frekari gufuöflun fyrir Hellisheiðarsvæðið væri aðkallandi, þegar það lá fyrir að jarðhitasvæðin næst virkjuninni önnuðu ekki fullum afköstum hennar. Árið eftir var ákveðið að tengja háhitasvæðið í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun og lauk þeirri framkvæmd í ársbyrjun 2016. Sú aðgerð kostaði á fjórða milljarð króna og var hugsuð til að stækka vinnslusvæði virkjunarinnar og gefa svigrúm til að endurmeta getu svæðisins næst virkjuninni. ON myndi á meðan geta sparað sér boranir á nýjum vinnsluholum til að halda uppi afköstum virkjunarinnar. Hver ný hola kostar um 700 milljónir og á þeim tíma, á árunum 2012 til 2014, var fjárhagsstaða fyrirtækisins grafalvarleg.

Árið 2013 töldu vísindamenn að afköst myndu falla um sem jafngildir sjö megavöttum á ári að meðaltali og viðurkennt var að uppbygging virkjunarinnar hefði verið of hröð.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR og stjórnarformaður Orku náttúrunnar, segir að fljótlega hafi verið ljóst að áætlanir um afköst gufusvæðanna næst virkjuninni stæðust ekki.

„Þegar líður á árið 2014 kemur í ljós að vinnslugeta virkjunarinnar fellur hraðar en við bjuggumst við. Við sáum fram á að Hverahlíðarlögnin myndi ein og sér ekki duga eins lengi og við áætluðum – sem var fimm til sjö ár en á þeim tíma ætlunum við að vinna að rannsóknnum á gömlu svæðunum í Henglinum. Fallið á vinnslusvæðunum í kringum Hellisheiðarvirkjun var hraðara – eða um 20 MW á ári,“ segir Bjarni og viðurkennir að þær niðurstöður hafi verið áfall. Hann bætir við að síðastliðið haust, þegar vinna við fjárhagsáætlun stóð yfir „hafi myndin verið mjög dökk“.

Þá, í september 2016, voru því horfur á 20 MW árlegri dvínun jarðhitakerfis Hellisheiðarvirkjunar, miðað við mælingar 2015 og fyrri



Virkjunin var reist á aðeins 5 árum þó lítið væri vitað um svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# 20

**MW reyndist fallið á vinnslusvæðunum í kringum Hellisheiðarvirkjun á ári.**

**Þegar við skoðum þessa ákvörðun okkar reyndist hún hárrétt, og hefur bjargað rekstri Hellisheiðarvirkjunar.**

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR og stjórnarformaður ON



hluta 2016 – áður en áhrifa Hverahlíðar fór að gæta að ráði. Á þeim tímamarki gerði tíu ára áætlun ráð fyrir borun á allt að 26 holum til að viðhalda framleiðslugetu virkjana Orku náttúrunnar. Þar af voru 23 holur á Hellisheiði og að virkjunin yrði keyrd að jafnaði á 240–275 MW næstu árin. Þá gerði fjárfestingaráætlun ON ráð fyrir 27 milljarða króna fjárfestingu á aðeins fimm árum.

Til að bregðast við þessari stöðu var verkefnið „Fjallið“ sett af stað í haust. Verkefnið fólst í ítarlegri greiningu og samvinnu jarðvísinda-, tækni- og fjármálafólks á gufuforða Hellisheiðarvirkjunar, stærstu virkjunar ON, dótturfyrirtækis Orkuveitunnar. Með afrakstri verkefnisins

rættist verulega úr og fyrri áætlun lækkaði til samræmis, segir Bjarni. Endurskoðuð áætlun gerir núna ráð fyrir 19 milljörðum á næstu árum fyrir virkjanirnar allar – en að langstærstum hluta fellur sá kostnaður til vegna framkvæmda við Hellisheiði. Minni kostnaður liggur einkum í fækkun fyrirhugaðra borholna frá fyrri áformum sem bora þarf til ársins 2022 og tengingu þeirra við virkjunina.

Eftir þá vinnu er myndin sú sem fyrr er lýst. Gufluforði er metinn nægjanlegur til fullrar rafmagnsvinnslu út árið 2017, öfugt við fyrri áætlanir um 20 MW dvínun á milli ára 2016–2017. Hún er nú áætluð rúm átta megavött á ári en á sama tíma hafa fjörtíu holukostir verið kortlagðir og þeim forgangsraðað til gufuvinnslu fyrir virkjunina á næstu árum. Forsendur borana miða núna við að viðhalda gufluforða fyrir 285 MW framleiðslu að jafnaði, í stað fyrri áætlauna um 274 MW framleiðslu. Þeir holukostir sem helst koma til greina eru í Hverahlíð, en jafnframt eru aðrir til skoðunar á upprunalega vinnslusvæðinu og utan þess.

Spurður hvort sú ákvörðun að tengja Hellisheiðarvirkjun við Hverahlíð með gufluögn hafi verið mistök – í ljósi þess að það þarf að ráðast í stórar fjárfestingar í borunum þrátt fyrir allt, segir Bjarni að hið gagnstæða eigi við.

„Sú aðgerð tókst afar vel, og hefði hún ekki komið til hefði staðan öll verið okkur mun óhagstæðari. Þegar við skoðum þessa ákvörðun okkar reyndist hún hárrétt, og hefur bjargað rekstri Hellisheiðarvirkjunar. Þá var framkvæmdin sjálf farsæl; engin tæknileg vandamál og engin slys urðu á framkvæmdatímanum þrátt fyrir snjópungan vetur það árið,“ segir Bjarni.



# CLINIQUE

Ofnæmisprófað  
100% ilmefnalaust

**Clinique kynning í Hagkaup Smáralind, Kringlu, Garðabæ, Skeifu, Spöng og Akureyri dagana 23. febrúar - 1. mars.**

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur fyrir 6.900 kr eða meira\*

**Kaupaukinn inniheldur:**

Pep Start 2 in 1, hreinsir+skrúbbur  
Pep Start Eye, augnkrem  
Moisture Surge, rakakrem  
High Impact Mascara, maskari  
Chubby Stick lip, varagljai  
Falleg snyrtibudda

\*á meðan birgðir endast



Take The Day Off vörurnar hreinsa allan farða á einstaklega mildan en árangursríkan hátt.



20% afsláttur  
af Clinique  
vörum fim, fös,  
lau og sun

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Aldrei færri fasteignir auglýstar til sölu

Háleitar hugmyndir um byggingu íbúða á höfuðborgarsvæðinu koma hvorki til með að lækka þrýsting á fasteignamarkaðnum á þessu ári né því næsta, segir sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka. Í janúar voru 910 fasteignir auglýstar til sölu, en 4.500 árið 2009.

**VÍÐSKIPTI** Framboð á fasteignum til sölu er í algjöru lágmarki sem bendir til þess að ekki komi til þess í bráð að spenna losni af fasteignamarkaðnum. Samkvæmt hagvísunum Seðlabanka Íslands og nýrri skýrslu greiningardeildar Arion banka eru 700 færri eignir til sölu nú en í síðustu lægð, í ágúst 2007.

Í skýrslu greiningardeildarinnar kemur fram að í lok janúar hafi 910 fasteignir verið til sölu um allt land. Þegar mest var, í desember 2009, voru tæplega 4.500 fasteignir auglýstar. Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá áhyggjum fasteignasala af gríðarlegri spennu á markaði síðastliðnar þrjár vikur, eða allt frá því að greiningardeildin spáði 30 prósentu hækkun á fasteignaverði á næstu þremur árum. Þá var sagt frá því að í miklum mæli væri boðið hærra verð í fasteignir en ásett væri en einnig að sumir seljendur kysu að hunsu ráðleggingar fasteignasala og verðleggja sjálfir fasteignir sínar.

Sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, tekur undir með fasteignasölum að seljendamarkaður ríki núna. Hækkun á fasteignaverði hafi þó hlutfallslega verið meiri í nágrannasveitarfélögum við höfuðborgarsvæðið. „Svo virðist sem ungt fólk sé að gefast upp á höfuðborgarsvæðinu og sé að færa sig á Suðurnesin, Selfoss, Hveragerði og upp á Akranes. Við höfum verið að sjá mestar hækkunir á því svæði. Eftirspurnin byrjaði að byggjast upp

## Tölulegar staðreyndir

**318**

**ÍBÚÐIR** fóru í byggingu á sl. þremur mánuðum í Reykjavík

**5.000**

**NÝJAR ÍBÚÐIR** eru í samþykktu deiluskipulagi.

**1.173**

**ÍBÚÐIR** var byrjað að byggja árið 1973, en þá var verið að byggja upp Breiðholtið.

**10**

**ÍBÚÐIR** var byrjað að byggja árið 2010, sem er algjört lágmark.

**983**


**ÍBÚÐIR** var byrjað að byggja árið 2005.

Það fæst ekki séð að í ár eða á næsta ári komi það mikið eignamagn inn á markaðinn sem verði til þess að lækka þrýstinginn.


Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka



## Auglýstar fasteignir og meðalsölutími



## Fjöldi íbúða sem áætlað er að hefja byggingu á í Reykjavík



Ungt fólk virðist vera að gefast upp á höfuðborgarsvæðinu og færa sig á Suðurnesin, Selfoss, Hveragerði og á Akranes.

miðsvæðis en svo dreifist hún út í jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins," segir Erna Björg Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeildinni.

Hún segir að vandinn sé fyrst og fremst sá að ekki hafi nógu margar íbúðir verið byggðar á undanförunum árum. Ákveðinn lager hafi myndast fljótlega eftir hrun sem svo hafi gengið á og sé með öllu uppurinn núna. Í fylgiriti Fréttablaðsins í gær kom fram álit Konráðs S. Guðjónssonar, sem einnig er sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, um að byggja þyrfti 1.500 til 2.000 íbúðir árlega til að anna eftirspurn.

Hjá Reykjavíkurborg er áformað að hefja byggingu 1.239 íbúða á þessu ári og 1.323 íbúða á næsta ári.

„Uppbyggingaráform á höfuðborgarsvæðinu hafa gengið illa eftir. Hvenær þetta íbúðamagn kemur loks inn á markaðinn er mjög erfitt að segja til um, hvort það verði 2019 eða 2020. Það fæst ekki séð að í ár eða á næsta ári komi það mikið eignamagn inn á markaðinn sem verði til þess að lækka þrýstinginn. Þótt uppbyggingaráformin séu háleit er ekkert víst hvenær þau koma til með að rætast," segir Erna. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

## AÐALFUNDUR FJARSKIPTA HF.

Aðalfundur Fjaraskipta hf. (Vodafone) verður haldinn fimmtudaginn 16. mars 2017 kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

### Dagskrá fundarins:

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
- Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2016.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
- Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2017.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
- Kosning endurskoðanda félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins:
  - Tillaga um heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins, sem breytir 4. gr. samþykktanna.
  - Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktimar.
- Önnur mál löglega upp borin.

### Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins [vodafone.is/fjarfestatengsl](http://vodafone.is/fjarfestatengsl) eigi síðar en þremur vikum fyrir fundinn. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 13 a, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 2. mars 2017.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Sérstök tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma á huga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Mun tillaga nefndarinnar um tilnefningu stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en samhliða endanlegu fundarboði tveimur vikum fyrir aðalfund. Tilnefningarnefnd mun leggja til að Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl. verði fundarstjóri aðalfundarinnar.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017. Framboð skulu berast á netfangið: [stjorn2017@vodafone.is](mailto:stjorn2017@vodafone.is).

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017 og ber að skila framboðum á netfangið: [stjorn2017@vodafone.is](mailto:stjorn2017@vodafone.is).

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Fjaraskipta hf.



**Vodafone**  
Við tengjum þig



BMW X1

www.bmw.is



Sheer  
Driving Pleasure



# SPENNANDI BMW X1.

VERÐ FRÁ 5.090.000 KR.

## BMW X1 sDrive18d

Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl  
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km\*  
Verð frá 5.090.000 kr.

## BMW X1 xDrive18d

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl  
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km\*  
Verð frá 5.690.000 kr.

Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar, veghæð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórnölvá.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





JÓNSSON & LEIMACCS · ÍLÍÐ · SÍA



Raumgestalt bretti  
Verð frá 2.980 kr.

**kokka**  
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

## Dreglar og mottur fyrir dýr & menn

**Bása gúmmimotta (drain undir mottuni)**  
122x183cm x12mm  
**6.990**

**Gúmmimottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 62x91cm**  
**2.190**

**3mm gúmmidúkur finrifflaður**  
**1.990** pr.lm.  
Einnig til 6mm grófrifflaður kr. 3.490,-

**PVC mottur 50x80 cm**  
66x120 cm kr. **2.750**  
100x150 cm kr. **5.280**

**Breidd: 1 metri**  
Verð pr. lengdarmeter  
**1.780**

**Breidd: 67 cm**  
Verð pr. lengdarmeter  
**1.490**

**Margar stærðir og gerðir**

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

**MÚRBÚÐIN**  
Símí 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

KONUKVÖLD  
23. FEB. 

**Tilboð**  
**Parma-**  
**PIZZA &**  
**hvítvínsglas**

**PIZZA 1.990 kr.**  
Gildir á meðan konukvöldi stendur

**HVÍTVÍNSGLAS 900 kr.**  
Gildir á meðan konukvöldi stendur




Flóttafólk á landamærum Serbíu og Makedóníu snemma á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vara við hatursorðræðu

Í nýttkominni ársskýrslu Amnesty International er árið 2016 sagt hafa ein-kennst af hatursorðri og pólitísku eiturbasi sem grafi undan mannréttindum.

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindasamtökin Amnesty International vara við því sem þau kalla eitradan áróður og hatursorðræðu í stjórnmálum víða um heim.

Stjórnmálamaður á borð við Donald Trump í Bandaríkjunum, Viktor Orban í Ungverjalandi, Narendra Modi á Indlandi, Recep Tayyip Erdogan í Tyrklandi og Rodrigo Duterte á Filippseyjum máli skráttann á vegginn til að ofsækja heilu hópana af fólki.

Þetta sé gert í nafni andófs gegn stofnanabákni en þjóni samt einkum þeim tilgangi að veiða atkvæði heimafyrir. Afleiðingarnar geti orðið skelfilegar.

„Óttastjórnmál eru orðin hættulegt afl í alþjóðastjórnmálum. Hvort sem í hlut eiga Trump, Orban, Erdogan eða Duterte ryðja æ fleiri stjórnmálamaður sér til rúms í nafni baráttu gegn kerfinu með eitradra stefnuskrá að vopni þar sem stórir hópar fólks eru gerðir að blóraböggjum og mennska þeirra vanvirt,“ segir í skýrslunni.

„Ýmsir stjórnmálamaður samtímans halda þeirri hættulegu hugmynd blygðunarlaus fram að sumt fólk sé minni mannverur en annað.

## Afhenda ber rannsóknargögn

**STJÓRNSÝSLA** Vísindasíðanefnd ber að afhenda gögn sem tengjast rannsókn Sigurðar Yngva Kristinssonar, prófessors í blóðsjúkdómum, á skimun fyrir góðkynja einstofna mótífna-hækkun. Þetta er niðurstáða úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Vísindasíðanefnd hafnaði því að veita aðgang að rannsóknarætlun rannsóknarinnar þar sem HÍ og Sigurður Yngvi hefðu fjárhagslega hagsmuni af því hvort aðgangur yrði veittur að gögnunum. Ekki væri skylt að afhenda upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni aðila. – jõe



Sigurður Yngvi Kristinsson

**36 lönd sendu flóttafólk með ólöglegum hætti aftur til lands, þar sem búast mátti við réttindabrotum gegn þeim.**

**23 lönd hið minnsta voru vettvangur stríðsglæpa.**

**22 lönd þar sem fólk var myrt fyrir að stunda friðsamlega mannréttindabaráttu.**

Ef sú hugmynd nær brautargengi er hætt á að leyst verði úr læðingi ýmis myrkustu öfl manneðlisins.“

Í nýrri ársskýrslu samtakanna er ítarlegt yfirlit yfir mannréttindaástandið í heiminum. Gerð er grein fyrir stöðunni í 159 löndum og er það öfögur lesning.

Milljónir manna bjuggu við skelfilega eynd og stanslausan ótta. Bæði stjórnmöld og vopnaðir hópar hafi brotið gegn fólki með margvislegum hætti.

Fyrirlitningin á mannréttinda- og mannúðarhugsjónum hafi verið blygðunarlaus, eins og dæmin sanna: Vísitandi sprengjuárásir á sjúkrahús hafi orðið daglegur viðburður í Sírylandi og Jemen; flóttafólk var ítrekað hrakið til baka inn á átakasvæði; nánast algert aðgerðarleysi umheimsins í Aleppo hafi sterlega minnt á voðaverkin í Rúanda og Srebrenica árin 1994 og 1995; auk þess sem stjórnmöld í nánast öllum heimshornum hafi gripið til harkalegra aðgerða til að þagga niður í andófi og gagnrýni: Þar eru nefnd til sögunnar lönd á borð við Barein, Egyptaland, Eþíópíu, Filippseyjar og Tyrkland.

Víða snerust stjórnmöld gegn flóttafólki af mikilli hörku. Alls brutu stjórnmöld í 36 löndum gegn alþjóðalögum með því að senda flóttafólk aftur til landa þar sem hætt er á að brotið sé gegn þeim.

Þá hefur Donald Trump Bandaríkjaforseti sýnt að honum var alvara með hótanir sínar í aðdraganda kosninga þegar hann skrifaði undir forsetatilskipun um að meina flóttafólki frá ýmsum stríðshráðum ríkjum að leita hælis í Bandaríkjunum. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

## Telja litlar kröfur gerðar

**SAMGÖNGUR** Litlar kröfur eru gerðar til farþegaflutningafyrirtækja um að tryggja réttindi fatlaðra og hreyfihamlaðra farþega í frumvarpi að nýjum lögum um farþega- og farmflutninga. MND-félagið og Sjálfsbjörg hafa gert athugasemdir við fyrirhugað fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði þess efni að í reglubundnum farþegaflutningum sé óheimilt að synja fötludum eða hreyfihömluðum farþega um bókun, farmiða eða inngöngu í hópþjónu eigi hann gildan farmiða. Viðtæka undanþágu er hins vegar að finna frá ákvæðinu í lögnum.

„Mér sýnist á öllu að ákvæðið verði til þess að það sé ekki mikill þrýstingur á að aðilar með hópferðaleyfi séu með lyftur fyrir hreyfihamlaða í sínum rútubílum. Þetta gæti orðið til þess að gefa mönnum enn meiri slaka á að fá almennilega búna bíla. Mér list illa

**Mér sýnist á öllu að ákvæðið verði til þess að það sé ekki mikill þrýstingur á að aðilar með hópferðaleyfi séu með lyftur fyrir hreyfihamlaða.**

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar



á það,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, landsambands fatlaðra.

Að sögn Bergs er hægt að telja hópferðabíla búna lyftu fyrir hreyfihamlaða á fingrum annarrar handar. Fjá fyrirtæki hafi séð sér hag í því að bjóða upp á slíka bíla.

„Það ætti að gera öllum kleift að nota áætlunarferðir út á land. – jõe





Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Þingmaður stýrir flugi

**ALÞINGI** Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, starfar enn í tímavinnu sem flugumferðarstjóri á Akureyri. Ástæðan er mannekla.

„Ég er í turninum í viku núna í launalausum frá þingstörfum,“ segir Njáll Trausti.

Þingmaðurinn leysir af í turninum meðan annar flugumferðarstjóri er í frii. Frá því Njáll var kjörinn á þing hefur hann unnið á bilinu fjórar til sex vaktir á mánuði í flugturninum.

Njáll starfaði sem flugumferðarstjóri í 25 ár áður en hann var kjörinn á þing. – jõe

## Svanhildur stýrir Hörpu

**MENNINGARMÁL** Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, hefur verið ráðin forstjóri Hörpu og tekur hún við starfinu þann 1. maí næstkomandi. Í tilkynningu frá Hörpu segir að Svanhildur hafi yfir tuttugu ára farsæla reynslu af stjórnunarstörfum á vettvangi menningar, lista og ferðamála. Samkvæmt úrskurði kjararáðs verða laun Svanhildar 1,3 milljónir á mánuði. – skh



Svanhildur Konráðsdóttir, nýr forstjóri Hörpu

## Svíar fá aðvörun

**SVÍÞJÓÐ** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, varar við miklum skuldum einstaklinga í Svíþjóð, einkum í formi húsnæðislána. Í skýrslu ESB um efnahagsástandið í aðildarríkjum er jafnframt bent á að ástæða sé til að hafa áhyggjur af hækkandi húsnæðisverði í Svíþjóð. Efnahagsástandið í Svíþjóð geti haft neikvæð áhrif í öðrum norrænum ríkjum.

Í skýrslunni eru engar kröfur gerðar til aðildarríkja ESB, að því er segir í frétt Sænska dagblaðsins.

– ibs

**KRONAN**

**Gott verð!**

Hvítlauks- og rósmarín marínerað

Ítalskt marínerað

New York marínerað

**-35%**

**1480** kr. kg

Lúxus grísakóttlettur, maríneraður

**Verð áður 2280 kr. kg**

# Erlendir sjálfboðaliðar dreifa hrossaskít í Hafnarfirði

**UMHVERFISMÁL** Félagið Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hyggst í sumar dreifa um 1.200 tonnum af hrossaskít á örfoka land í Hafnarfirði. Fá á erlenda sjálfboðaliða og hafnirskt skólafólk til verksins.

Áætlun Gróðurs fyrir fólk (GFF) var lögð fram í umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar í gær undir liðnum uppgræðsla í Krýsvík. Óskar félagið eftir 2,5 milljóna króna styrk. Síðustu fjögur ár hefur framlag bæjarins til félagsins numið alls 5,8 milljónum króna.

„Þegar eru komin á Vistvang

rúmlega 800 tonn af hrossataði úr Hafnarfirði. Þetta magn biður vélar- og handafls til að gagnast við uppgræðslu á árinu 2017. Allt að 400 tonn munu að líkindum bætast við á yfirstandandi losunartímabili,“ segir í bréfi GFF.

„Meginmagni þess taðs sem komið er og komið verður á Vistvang verður dreift af mannskap, erlendum sjálfboðaliðum, sem GFF mun koma með á svæðið en þó einna helst af vélaraflum sem GFF mun einnig kveðja til,“ segir áfram í bréfinu.



Viða er eyðilegt í upplöndum Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Enn fremur kemur fram að tilstandi að fara með heilan árgang úr Flensborg í apríl til að planta trjá og koma til gróðri á örfoka landi. Þá standi yfir viðræður við grunnskólana Setbergsskóla og Viðistaðaskóla um verkefnið Land-Nám á Vistvangi í maí og júní. „Það snýst um trjáplöntun, vöktun nemenda á árangri hennar og úrvinnslu í skólastofunni á gögnum er nemendur sjálfir hafa aflað í leiðingrum sínum.“ Um haustið kanni börnin síðan árangurinn. – gar

## Aðalfundur Skeljungu hf. 2017

Aðalfundur Skeljungu hf. verður haldinn kl. 16:00, fimmtudaginn 16. mars 2017, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, í fundarsal I.

### Dagskrá fundar

- Kosning fundarstjóra og ritara aðalfundar.
- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
- Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
- Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
  - Tillaga um tiltekt í texta í tengslum við töku bréfa í félaginu til viðskipta.
  - Tillaga um að ekki verði lengur varastjórn við félagið.
  - Tillaga um rétt til setu á hluthafafundum.
- Tillaga stjórnar um nýja starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd fyrri stefnu.
- Ákvörðun tekin um þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.
- Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að breytingu á starfsreglum og að stjórn.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning tilnefningarnefndar.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Önnur mál löglega upp borin.

### Tilnefningarnefnd gerir eftirfarandi tillögu að aðalstjórn félagsins:

- Birna Ósk Einarsdóttir
- Gunn Ellefsen
- Jens Meinhard Rasmussen
- Jón Diðrik Jónsson
- Trausti Jónsson

### Tilnefningarnefnd gerir eftirfarandi tillögu að varastjórn félagsins:

- Birgir Birgisson
- Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir

### Réttindi hluthafa

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá, samkvæmt hlutaskrákerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram, geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en kl. 16:00 mánudaginn 6. mars 2017. Slík erindi skulu send hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is) og munu þau verða birt á vefsíðu félagsins. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppþærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja aðalfund og taka þar til máls. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund á [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is) eða á aðalfundinum sjálfum. Hluthafa er heimilt að sækja aðalfund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á aðalfundi. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja fund fyrir sína höndar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð. Umboðseyðublað er að finna á heimasíðu félagsins. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á fundinum eða það ella sent á tölvupóstfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is). Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að aðalfundur hefst.

Á aðalfundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé en heildarhlutafé Skeljungu hf. er 2.099.582.121. Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum komi fram krafa um slíkt á fundinum frá atkvæðisbærum fundarmanni eða fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Stjórnarkjör fer fram samkvæmt meirihlutakosningu á milli einstaklinga, nema réttmæt krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum er ráða minnst 1/10 hlutafjárins. Krafa þess efnis skal hafa borist stjórn félagsins fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017 á tölvupóstfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is). Ef tveir framþjóðendur eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017 á tölvupóstfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is). Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins og greitt þar atkvæði.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/](http://www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/)

### Framboðsupplýsingar

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017, á netfangið [tilnefningarnefnd@skeljungur.is](mailto:tilnefningarnefnd@skeljungur.is) eða degi fyrr á skrifstofu félagsins að Borgartúni 26, Reykjavík. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu félagsins. Vakin er athygli á því að tilnefningarnefnd mun ekki geta metið framboð sem berast eftir kl. 16:00 þann 2. mars 2017 og geta þau framboð því ekki verið andlag tillögu nefndarinnar. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í fundarboði þessu verður ný tillaga birt eigi síðar en þann 6. mars 2017. Upplýsingar um alla framþjóðendur verða birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

Tilkynningum um framboð til tilnefningarnefndar félagsins skal skilað fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017 á netfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is) eða degi fyrr á skrifstofu félagsins að Borgartúni 26, Reykjavík. Upplýsingar um framþjóðendur verða birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

[www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/](http://www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/)

Reykjavík, 23. febrúar 2017,  
Stjórn Skeljungu hf.

### Aðrar upplýsingar

Aðalfundur félagsins verður haldinn á íslensku og munu öll fundargögn jafnframt vera á íslensku. Óski hluthafar eftir þýðingu á fundargögnum yfir á ensku er þess óskað að slík beiðni berist stjórn á tölvupóstfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is) fyrir kl. 16:00 laugardaginn 11. mars 2017 á netfangið [fjarfestar@skeljungur.is](mailto:fjarfestar@skeljungur.is).

Fundurinn verður pappírslaus. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund verða einungis aðgengileg á vefsíðu félagsins á meðan á fundinum stendur. Gögnin verða þó til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Borgartúni 26 í Reykjavík fyrir fundinn.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á aðalfundardag.

Tilnefningarnefnd leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarinnar.

Öll fundargögn, þ.m.t. umboðs- og framboðseyðublað má finna á heimasíðu félagsins, [www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/](http://www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar/)



Skeljungur



FRÁBÆR TILBOÐ OG  
GLÆSLEGT HAPDRÆTTI

# KONUKVÖLD

**Skemmtu þér með okkur** á Konukvöldi  
Létt Bylgjunnar í kvöld. Glæsileg skemmti-  
atriði, happdrætti, kynningar og dekur í  
göngugötu. Léttar veitingar á boðstólnum í  
fjölmörgum verslunum sem og í göngugötu.

Verslanir og veitingastaðir bjóða frábær  
tilboð sem gilda allan daginn.

## SKEMMTIDAGSKRÁ HEFST KL. 19

KL. 19.30 Helgi Björns

KL. 20.00 Meistarar í samkvæmisdönsum  
frá dansskóla Sigurðar  
Hákonarsonar

KL. 20.30 Þórunn Antonía

KL. 21.00 Hlynur Ben trúbador

DJ Jón Gestur heldur uppi stemningunni  
á milli atriða.

## GLÆSILEGT HAPDRÆTTI

Allir sem mæta á Konukvöld geta tekið þátt  
í happdrætti þar sem vinningar eru  
stórglæsilegir.

Verðmæti vinninga er um 400.000 kr.

LÉTT  
BYLGJAN  
967

**JÚNÍK**  
20% afsláttur af öllu,  
10% af Freddy buxum

**Kultur**  
10% afsláttur af  
öllum vörum

**MAC**  
20% afsláttur  
af snyrtivörum

**GEYSIR**  
20% afsláttur af  
LEE gallabuxum

**Kaupfélagið**  
15% afsláttur af  
öllum dömuskóm

**DÚKA**  
15% af snyrtivörum,  
handklæðum og  
sængurfatnaði

**JOE BOXER**  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**LINDEX**  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**BeautyBar**  
BEAUTYBAR  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**Timberland**  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**UNDER ARMOUR**  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**Mathilda**  
Kringlunni  
20% afsláttur af  
völdum vörum

**Eirberg**  
LÍFSTÍLL  
20% afsláttur  
af öllum vörum

**lecco**  
15% afsláttur  
af dömuskóm

**MICHELSSEN**  
COSMETIC  
20% afsláttur af  
Nomination, ítölsku  
silfurskarti

**Kultur**  
menn  
3 f 2 af  
öllum skyrtum

**Leonard**  
20% afsláttur af  
öllum vörum

**66°**  
NORÐUR  
20% afsláttur af  
peysum og buxum

PIPAR TBWA - SIA

**Kringlan**  
af öllu hjarta

**Levi's**  
20% afsláttur  
af öllu í dömudeild

**augað**  
20% afsláttur af  
öllum vörum

OPIÐ TIL  
**22**  
Í KVÖLD



 <p>20% afsláttur af öllum vörum, gildir ekki af lyfjum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af Juniform peysum</p>	 <p>20% afsláttur af dömunærfötum og dömugallabuxum</p>	 <p>20% afsláttur af völdum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>
 <p>20% vildarafsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af Sixtyseven og 10% af öðrum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af dömufatnaði</p>
 <p>20% afsláttur af öllum kvenúrum</p>	 <p>15% afsláttur af Moss Reykjavík dömudeild, 10% af öðrum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum spiluðum leikjum</p>	 <p>15% afsláttur af dömuskóm</p>	 <p>20% afsláttur af kjólum og skarti</p>	 <p>15% afsláttur af öllum dömuskóm</p>
 <p>25% afsláttur af allri gjafavöru og ferðavörum</p>	 <p>20% afsláttur af silfurskartgripum og 24 Iceland úrum</p>	 <p>10% afsláttur af öllu, varalitir og vara-blyantar á 1.500 kr.</p>	 <p>15-20% afsláttur af völdum vörum</p>	 <p>25% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af flestum vörum, aðrar vörur á 10-50% afslætti</p>
 <p>2 fyrir 1 af léttvíni og bjór</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af peysum og húfum</p>	 <p>20% af öllum vörum nema 10% af Five Units</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>
 <p>20% afsláttur af öllum buxum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum sokkabuxum frá Falke, Wolford og Spanx</p>	 <p>15% afsláttur af dömuskóm</p>	 <p>20% afsláttur af STANCE sokkum og húfum</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af fatnaði og fylgihlutum</p>
 <p>30% afsláttur af Makeup fixer</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum og 5-30% lukkuafsláttur</p>	 <p>15% afsláttur af öllum aukahlutum</p>	 <p>20% afsláttur af öllu nema gulli</p>	 <p>20-50% afsláttur af völdum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af gleraugum og linsum, 2 fyrir 1 af margskiptum glerjum</p>
 <p>Gjafabréf í dekur með Samsung Galaxy S6. S7 hátalari með iPhone.</p>	 <p>20% afsláttur af snyrtivörum</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum sælkeravörum og skarti</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>
 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>Megavika - stór pizza af matseðli á 1.490 kr.</p>	 <p>Lítill kaffidrykkur, beygla að eigin vali og kleinuhringur á 1.000 kr.</p>	 <p>Kristall að eigin vali fylgir með LKL-salati</p>	 <p>Frír lítill djús með hverri samloku</p>
 <p>15% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af crepes</p>	 <p>20% afsláttur af kaffidrykkjum eftir kl. 17</p>	 <p>20% afsláttur af skóm og tösukum</p>	 <p>Frítt hvítvínsglas með öllum salötum</p>	 <p>35% afsláttur af parma ruccola pizzu og hvítvínsglasi</p>
 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>24 bita bakki á 2.990 kr.</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af Sparkz og 10% af öðrum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af öllum vörum</p>	 <p>20% afsláttur af innritunargjaldi, opið til kl. 20</p>



# Heilsársþjónusta

vetur, sumar, vor & haust

Þegar kemur að garðþjónustu erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin, allan ársins hring. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Garðsláttur, trjáklippingar, beðahreinsun, stubbatæting, þökulagning ofl.**

gardlist.is

554 1989

gardlist@gardlist.is

Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík



Fríða Rut Heimisdóttir  
Hárgreiðslumeistari

Úr einu fræi varð bylting.

Moroccanoil hárvörumerkið er innblásið af ferskum vindum, bláma sjávarins og landslagsins í kringum Miðjarðarhafið.

Upphafið er sjálf Moroccanoil Treatment oilian sem er góður grunnur fyrir hvaða hárgerð sem er. Einnig góð í krakka og skegg. Til að fá sem bestu næringarefni er gott að setja hana alltaf í blautt hárið og blása það eða leyfa því að þorna eðlilega.



Regalo ehf Iceland

Ólíurnar eru þrjár og nýjust er Blow Dry Concentrate sem hönnuð er fyrir gróft og erfitt há. Moroccanoil Treatment hentar öllum hárgerðum og LIGHT fyrir fingert og mikið ljóst há.

ALUPROF

GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.



JARN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútvogur 1h. Barkarvogsmegin  
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Traust og örugg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga

www.simafelagid.is

Símafélagið

## MARKAÐURINN



Fjárfestar horfa til þess að breytingar verði gerðar á stjórn Icelandair á aðalfundi í lok næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einkafjárfestar tefla Ómari fram í stjórn

Finnur Reyr og Tómas standa meðal annars að baki félagi sem á skömmum tíma hefur eignast um 1,5 prósent í Icelandair. Tefla fram Ómari Benediktssyni í komandi stjórnarkjöri og afla stuðnings við framboðið hjá öðrum hluthöfum.

Hópur fjögurra einkafjárfesta, sem samanstandur meðal annars af viðskiptafélagunum Finni Reyr Stefánsyni og Tómasi Kristjánsyni, á orðið um 1,5 prósent hlut í Icelandair og hyggst tefla fram Ómari Benediktssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Air Atlanta og SmartLynx í Lettlandi, í kjöri til stjórnar á aðalfundi flugfélagsins 3. mars næstkomandi. Tómas staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið en markaðsviðskipti Kvikú fjárfestingarbanka hafa haft milligöngu um kaup þeirra á bréfum í flugfélaginu á síðustu dögum.

Þórir Kristinsson, viðskiptafélagi Ómars, sem hefur starfað sem stjórnandi hjá flugfélagunum SmartLynx og Air Atlanta, stendur einnig að baki félagi í eigu þeirra fjórmenninga sem á núna hlut í Icelandair sem er metinn á um 1.200 milljónir miðað við núverandi gengi bréfa. Einkafjárfestarnir leita nú stuðnings ýmissa hluthafa Icelandair, meðal annars Stefnis og Gildis lífeyrissjóðs, við framboð Ómars til stjórnarsetu í félaginu. Ómar sat í stjórn Icelandair á árunum fyrir bankahrunið og var um tíma varaformaður félagsins.

Margir fjárfestar í Icelandair, ásamt öðrum markaðsaðilum, horfa til þess að breytingar verði gerðar á stjórn félagsins á komandi aðalfundi. Hafa ýmsir gagnrýnt yfirstjórnendur Icelandair, bæði stjórnarmenn og

# 1.200

milljónir er markaðsvirði 1,5 prósent hlutar í Icelandair.



Finnur Reyr Stefánsson, fjárfestir



Tómas Kristjánsyni, fjárfestir

aðra helstu stjórnendur, fyrir að hafa ekki komið fyrir fram með trúverðuga aðgerðaáætlun til að bregðast við vaxandi erfiðleikum í rekstrarumhverfi Icelandair. Í afkomuviðvörðun sem Icelandair sendi frá sér í lok janúar var afkomuspá félagsins fyrir þetta ár lækkuð um meira en 30

prósent. Hlutaþrífaverð Icelandair féll um tæplega eitt prósent í gær en markaðsvirði félagsins hefur lækkað um 115 milljarða á tíu mánuðum.

Fjórir stærstu eigendur Icelandair Group – Lífeyrissjóður verslunarmanna, Stefni, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Gildi lífeyrissjóður – eiga samanlagt 46 prósent í félaginu. Ljóst þykir að Lífeyrissjóður verslunarmanna mun styðja áfram Úlfar Steindórsson, varaformann stjórnar, til stjórnarsetu og slíkt hið sama áformar LSR hvað varðar stuðning sinn við Magnús Magnússon. Meiri óvissa er um áform Stefnis, sem á 14,3 prósent í gegnum tvo hlutaþrífarsjóði í stýringu félagsins, og Gildis lífeyrissjóðs, sem á um 7,4 prósent hlut, sem fram til þessa hafa ekki stutt neinn tiltekinn einstakling umfram annan til setu í stjórninni.

Finnur Reyr og Tómas eru ekki með öllu ókunnugir rekstri Icelandair Group en fjárfestingarfélag þeirra Sigla ehf. var 2007 til 2010 í hópi stærstu hluthafa flugfélagsins með 2 prósent hlut og sat Finnur í stjórn þess á þeim árum. Þeir Finnur og Tómas eru á meðal umsvifamestu einkafjárfestanna í íslensku viðskiptalífi og eru félög í eigu þeirra í hópi stórra hluthafa í Sjóvá, Regin, Kvikú fjárfestingarbanka og Heimavöllum, stærsta leigufélagi landsins. [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

## Útgerð keypti blokk á Raufarhöfn

Útgerðarfélagið Hólmsteinn Helgason ehf. á Raufarhöfn keypti í lok síðasta árs eina fjölbýlishús þorpsins sem hafði þá staðið nánast autt í tvö til þrjú ár. Til stendur að gera allt húsið upp en tvær fyrstu íbúðirnar eru tilbúnar og var flutt inn í aðra þeirra á þriðjudag.

„Við erum að reyna að bjarga þessu frá eyðileggingu. Þarna eru ellefu íbúðir en undanfarið hefur einungis verið einn íbúi í húsinu. Þetta endaði inni í þrotabúi og var komið í hendurnar á bönkunum. Þeir voru búnir að halda hita á húsinu að mestu en þó voru frostskemdir í ofnlögnum og því þurfti að skipta um þær svo hægt væri að kynda húsið að fullu,“ segir Hólmsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Hólmsteins Helgasonar ehf.

Fjölbýlishúsið við Adalbraut 67 til 69 var auglýst til sölu af Leigubæ ehf. í júní 2013 og var uppsett verð þá 58 milljónir króna. Ári síðar skoruðu



Fjölbýlishúsið var byggt árið 1981. MYND/JÓNAS FRÍDRÍK

Íbúasamtök Raufarhafnar á sveitarstjórn Norðurlþings að beita öllum tiltækum ráðum til að fylgja því eftir að húsinu yrði komið í viðunandi horf. Engin kynding væri á hluta hússins þar sem rafmagnsreikningar hefðu ekki verið greiddir. Blokkin væri því lýti á annars fallegu þorpi. Íbúðirnar eru tveggja til fjögurra herbergja en húsið sjálft er 915 fermetrar.

„Það er töluvert af farandverka-fólki hérna í bráðabirgðahúsnæði. Við erum einir í þessu á þessu stigi og gerum ráð fyrir að klára húsið á þeim forsendum en svo veit maður ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Þetta gæti farið að hluta til í leigu til ferðamanna og til að styrkja framboðið hjá hótelinu þannig að þorpið eigi auðveldara með að taka við heilum rútum af ferðamönnum.“ – hg





# Dove húðkrem sem veita sanna Spa upplifun

## uplifted<sup>+</sup>

(með satíngeli)

- Fyrir allar húðgerðir. Satíngel sem styrkir húðina og eykur teygjanleika hennar.

# 20%

afsláttur af Dove vörum  
23. febrúar til 4. mars

## goodness<sup>3</sup>

(með omega olíum)

- Fyrir þurra húð. Vörulínan samanstendur af húðkremum, húðolíu og handáburði.

## summer revived

(með náttúrulegum litarefnum)

- Húðkrem með brúnkueiginleikum fyrir ljósa/dökka húð. Gefur góðan raka og er auðvelt að bera jafnt á.

## youthful vitality

(með serum sem styrkir og eflir)

- Fyrir þroskaða og mjög þurra húð. Húðkrem sem inniheldur serum sem styrkir og eflir frumuendurnýjun í ysta lagi húðarinnar.

## Dove DermaSpa

SPA EXPERIENCE. DERMATOLOGICAL CARE



#sönnfegurð

Nú renna 8 kr. af öllum seldum Dove vörum til The Body Project sem vinnur að bættri líkamsmynd stúlkna á Íslandi. Lesið meira um verkefnið á [www.sonnfegurd.is](http://www.sonnfegurd.is)



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Örvænting á húsnæðismarkaði



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

**B**ygga þarf að minnsta kosti 8.000 íbúðir á landinu öllu á næstu þremur árum til að halda í við fjölsfölgun. Afar ólíklegt er það náist og mun sú staðreynd aðeins ýta undir frekari hækkun á íbúðamarkaði. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í skýrslu greiningardeildar Arion banka um húsnæðismarkaðinn sem kom út í lok síðasta mánaðar. Húsnæðisverð hefur hækkað mikið að undanförmu og nam árshækkunin á höfuðborgarsvæðinu 15 prósentum í desember. Hækkun utan höfuðborgarsvæðisins nemur 20 prósentum og skýrist aðallega af mikilli hækkun í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar. Skýrsluhöfundar spá áframhaldandi hækkunum, 14 prósent í ár, 9,7 prósent á næsta ári og 7,5 prósent árið 2019.

Hækkun húsnæðisverðs skýrist af því að of lítið hefur verið byggt á síðustu árum og áætlanir um uppbyggingu hafa ekki staðist. Fram kemur í skýrslunni að uppbyggingaráform á höfuðborgarsvæðinu hafi gengið illa eftir. Nýjustu áætlanir Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka iðnaðarins gera samt ráð fyrir kröftugri uppbyggingu á næstu árum. Fjöldi nýrra íbúða mun nema 6.600-8.000 eftir því við hvaða áætlun er miðað. Vandamálið er að aukning á framboði kemur allt of seint. Langt er í að framboð mæti eftirspurn þannig að markaðurinn komist í jafnvægi. Seinkun á auknu framboði nýrra íbúða gæti ýtt undir enn frekari hækkun á næstunni.

Nokkurs konar örvæntingarastand virðist ríkja á húsnæðismarkaði um þessar mundir. Í þessu blaði var greint frá því í gær að íbúðir í öllum hverfum borgarinnar seldust nú á hærra verði en uppsettu vegna mikillar spennu á markaðnum. Dæmi væru um að fasteignakaupendur gerðu tilboð í húsnæði án þess að hafa séð eignina áður. Á þessum „seljendamarkaði“ mætir mikill fjöldi til að skoða íbúðir og kaupendur keppast við að yfirbjóða hver annan.

Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á því að áform um uppbyggingu á íbúðarhúsnæði hafa brugðist. Stefna Reykjavíkurborgar um þéttingu byggðar er heilbrigð til langframa en vera kann að hún standi uppbyggingu á húsnæði á sanngjörnu verði fyrir þrífum. Borgin hefur lokað „sárum“ með þéttingu byggðar og með uppbyggingu miðsvæðis. Þannig er ekki framboð af litlum og meðalstórum íbúðum í úthverfum borgarinnar þar sem fermetraverð er lægra.

Ljóst er að sveitarfélögin geta ekki setið aðgerðarlaus hjá í þessari þróun og þurfa kjörnir fulltrúar þeirra að hugsa þessi mál upp á nýtt. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, sagði í fréttum Stöðvar 2 á mánudag að það væri æskilegt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu mótuðu sér sameiginlega stefnu í húsnæðismálum. Þetta er góð hugmynd hjá borgarstjóra og væri ágætt fyrsta skref.

Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á því að áform um uppbyggingu á íbúðarhúsnæði hafa brugðist.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Fylubomba þings**  
Heitar umræður sköpuðust á Alþingi í gær, annan daginn í röð, um skýrslurnar tveir sem fjármálaráðherra síðasta kjörtímabils, Bjarna Benediktssyni, láðist að kynna fyrir kosningar þrátt fyrir að skýrslurnar væru tilbúnar. Serstakar umræður um skýrslurnar voru á þriðjudag en í gær nýtti stjórnarandstaðan umræður um störf þingsins til að kvarta yfir fjarveru þingmanna Viðreisnar og Bjartrar framtíðar úr umræðunum daginn áður. Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, kallaði umræðurnar „mestu fylubombu sem reynt hefði verið að sprengja á gólf þingsins“. Í gær var á þessum vettvangi rætt um vegatolla á gjána á milli þings og þjóðar en nú hafa þingmenn fullt tilefni til að styrkja Jarðboranir hf. riflega með fjárukalegum. Svo djúpt er á virðingu Alþings.

**Dræmar undirtektir**  
Pírötum þykja undirtektir við frumvarp þeirra um kjararáð, sem kveður á um lækun launa þingmanna, helst til of dræmar. Forsætisráðherra gagnrýndi í gær hugmyndirnar og sagði „gjörðsamlega óþolandi“ að taka umræðu um kjör þingmanna og ráðherra. Það er góður hugur í tillögu Pírata en hún felur óumdeilanlega í sér að þingmenn séu sjálfir að hlutast til um laun sín. Almennum launþegum, sem hafa engin áhrif á laun sín, gæti þótt gjáin hafa gliðnað of mikið. Óheppilegt útspil frá Pírötum fólksins. snaeros@frettabladid.is

## Skrefin í vinnubúðina



Sæunn Kjartansdóttir  
sálgreinir

**Þ**að er auðvitað að bera í bakkafullan lækinn að viðra skoðun sína á hversu skynsamlegt það sé að selja áfengi í matvörubúðum. Engu að síður leyfi ég mér að gera það fyrir hönd barna sem búa við áfengisvanda og eru of ung til að geta látið í sér heyra.

Það er vægast sagt hæpið að halda því fram að aðgengi að áfengi sé erfitt á Íslandi. Hér eru yfir 50 verslanir með fjölbreytt vöruúrval, rúman opnunartíma og þjónustu sem viðskiptavinir gefa árlega hæstu einkunn. Samt liggur fyrir Alþingi frumvarp sem fyrirséð er að muni auka áfengisdrykkju umtalsvert með auknum útgjöldum fyrir samfélagið að ekki sé minnst á vanlíðan og heilsutjón stórra hópa fólks. En málið snýst auðvitað ekki um skynsemi. Það snýst um löngun manna í meiri þægindi og það viðhorf að það heyrir til lífsgæða, ef ekki beinlínis mannréttinda, að geta keypt áfengi og matvöru á einum og sama staðnum.

Margir nota áfengi eins og krydd í lífið sem þeir geta ýmist notið eða sleppt. Aðrir heyja daglega baráttu gegn því. Þetta þekkja börnin þeirra. Þau eru viðkvæmur hópur sem myndi líða verulega fyrir aukin þægindi þeirra sem finnst of mikið mál að taka á sig krók í vinnubúðina. Verði áfengisfrumvarpið samþykkt mun streita þessara barna stigmagnast, ekki aðeins vegna aukinnar áfengisneyslu foreldranna, heldur mun sá hversdagslegi atburður að fjölskyldan kaupir í matinn verða kvíðavekjandi. Hvernig skapi eru pabbi og mamma í þegar þau fara í búðina? Virka þau í góðu jafnvægi? Eða eru þau líkleg til að grípa með sér björkippu eða vínfloSKU?

Þegar kemur að þörfum þeirra sem minna mega sín, hvort sem þeir heita sjúklingar, fangar, aldraðir eða börn erum við sem samfélag alltaf staurblönk. En höfnun áfengisfrumvarpsins kostar ekki krónu. Afstaða til þess snýst um gildismat. Finnst okkur einhvers virði að taka tillit til þeirra sem þjást vegna áfengisneyslu, sem meðal annarra eru börn, eða er mikilvægara að dekra við þá sem finnst áfengisdrykkja of fyrirhafnarsöm?

**CAFFESSO NESPRESSO KAFFILÍNAN FÆST Í NETTÓ**

**nettó**



# Samkeppni fyrst, takk

## Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Ýmis rök hníga enn sem fyrr til einkarekstrar, einkaframtaks þar sem við á og heilbrigðs markaðsbúskapar. Samt hafa gráðugir kapítalistar síðustu ár sennilega gert meira til að grafa undan trú almennings á kapítalísmannum en kommúnistum tókst á hundrað árum. Vandinn er ekki bundinn við Ísland en samt kveður rammt að honum hér, að sumu leyti enn



frekar en víða erlendis. Í Bandaríkjunum var það viðurkennt vafningalaust að misskipting hefði aukizt enda sýndu opinberar tölur það ótvírætt. Hér heima var annað um að vera. Hér þrætti jafnvel Hagstofa Íslands fyrir aukna misskiptingu fram að hruni og lét sér ekki segjast fyrr en eftir hrun. Nýlega fékk ég ásamt öðrum tölvubréf frá einum helzta virðingarmanni Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum. Þar segir: „Að mínu áliti hefur mjög margt óskynsamlegt verið sagt um þetta svokallaða hrun ...“ Tveim línum neðar í sama bréfi var „hrunið“ haft innan gæsalappa.

**Þrjú skilyrði einkavæðingar**  
Einkavæðing ríkisbanka á jafnan því aðeins rétt á sér að þrem skilyrðum sé fullnægt.

Fyrsta skilyrðið er að hafi þeir sem að einkavæðingunni standa áður komið að einkavæðingu sem mistökst, þá þurfa þeir að sýna í orði og verki að þeir skilji hvað för úrskæiðis

og lofa bót og betrun. Þetta skilyrði á skýrt við ekki aðeins um Sjálfstæðisflokkinn nú heldur einnig Viðreisn þar eð hún er skilgetið afkvæmi Sjálfstæðisflokksins og hefur ekki gert neinn ágreining við hann um önnur mál en Evrópumálið. Alþingi samþykkti 2012 að láta rannsaka einkavæðingu bankanna, en rannsóknin er ekki enn hafin. Alþingi samþykkti 2016 sérstaka rannsókn á aðkomu þýzka bankans Hauck & Aufhäuser að einkavæðingu Búnaðarbankans og átti henni að ljúka fyrir árslok 2016, en ekki hefur heldur spurzt til þeirrar rannsóknar.

Næsta skilyrði er að erlend samkeppni sé tryggð annaðhvort áður en til einkavæðingar kemur eða a.m.k. með einkavæðingunni. Sé það ekki gert og séu fákeppnisbankar seldir einkaaðilum, þá er ríkið í reyndinni að selja fákeppnisaðstöðu, þ.e. aðstöðu handa einkabanka til að hlunnfara varnarlausu viðskiptavinum og gera upp á milli þeirra. Einmitt þetta gerðist 1998-2003. Þess vegna sóttu forustumenn og einkavinir þv. ríkisstjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, svo fast að komast yfir Landsbankann og Búnaðarbankann með afleiðingum sem líða seint úr minni þótt Alþingi reyni að gleyma.

Sú staðreynd að Skandinaviska Enskilda Banken í Svíþjóð var kominn á fremsta hlunn með að kaupa ráðandi hlut í Landsbankanum sýnir að hægt er að vekja

á huga útlendinga á íslenskum bankarekstri. Reynsla Norðmanna bendir til sömu niðurstöðu. Danskir og sænskir bankar reka útibú í dreifðum byggðum Noregs og veita norskum bönkum aðhald. Erlend samkeppni er lykillinn að lækkun vaxta á Íslandi.

Þriðja skilyrðið er að tryggj sé með lögum að einkavæðingin nái tilgangi sínum og rétt verð fáiast fyrir eignirnar og varnir séu tiltækar til að girða fyrir mistök eða bæta fyrir þau í tæka tíð. Lögbundin endurskoðunarákvæði þurfa að vera til taks komi t.d. á daginn að almanna-hagur hafi verið borinn fyrir borð. Hér hafa engin slík ákvæði enn verið leidd í lög.

### Tvær leiðir?

Hvernig á maður annars að tala um einkavæðingu banka við þekkt áreiðumenn með langan gjaldþrotaslóða í farangrinum? – menn sem hlupu frá milljarðaskuldum við föllnu bankana.

Á maður að láta eins og ekkert hafi í skorizt? Reyna bara að fá þá til að opna augun og sjá ljósið? – eins og ég geri af veikum mætti hér að framan.

Eða á maður að láta þá fá það óþvegið? – enda sé lítil von til þess að þeir sjái nokkra ástæðu til að bæta ráð sitt svo lengi sem þeir hafa eins atkvæðis meiri hluta Alþingi og það í krafti stolinna kosninga.

Margir þykjast þess fullvissir að Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn ætli sér að „selja“ vinum sínum



**Nýlega fékk ég ásamt öðrum tölvubréf frá einum helzta virðingarmanni Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum. Þar segir: „Að mínu áliti hefur mjög margt óskynsamlegt verið sagt um þetta svokallaða hrun ...“ Tveim línum neðar í sama bréfi var „hrunið“ haft innan gæsalappa.**

réttinn til að hegða sér áfram eins og ríki í ríkinu, hlíta dómum Hæstaréttar bara eftir hentugleikum, afskrifa skuldir vel tengdra áreiðumanna eins og þeirra sjálfa, ráðast eins og óargadýr gegn þeim viðskiptavinum sem minna mega sín og halda erlendri samkeppni sem allra lengst í burtu. Þeir eru staðráðnir í að byrja á öfugum enda, segja menn. Þeir vita þó fullvel að hefðu þeir almannahag að leiðarljósi ættu þeir fyrst að greiða götu erlendra banka hingað heim til að tryggja samkeppni og hyggja að því loknu að einkavæðingu enda yrði leyfi til að rýja almenning þá ekki partur af pakkanum. Þeir vita þetta allt og láta sér fátt um finnast. Hvað er þá til ráða?

## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf.

verður haldinn 15. mars 2017.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 15. mars 2017. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 16:00.

### Drög að dagskrá frá stjórn eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2016.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun.
5. Tillaga um heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Kosnið í stjórn félagsins.
8. Tillaga um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
10. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
11. Önnur mál löglega fram borin.

Endanleg dagskrá frá stjórn verður birt miðvikudaginn 1. mars 2017.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en kl. 16:00 sunnudaginn 5. mars 2017. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is). Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 2. mars - 5. mars 2017, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund á [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) eða á aðalfundinum sjálfum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins nema réttmæt krafa um margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Hluthafar geta einnig látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrákerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi.

Aðalfundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar á [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) lýkur fimm dögum fyrir aðalfund, nánar tiltekið föstudaginn 10. mars kl. 16:00. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku en hluthafafundurinn fer einnig fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem ályktunartillögur stjórnar, starfskjarastefnu, starfsreglur um kaupaukakerfi, eyðublöð og slíkt, er að finna á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

Upplýsingar um tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins og greinargerð með þeim má finna í heild sinni á vefsíðu félagsins ([www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar)). Í stuttu máli lúta tillögurnar að eftirfarandi atriðum.

- Smávægilegri orðalagsbreytingu á 2. gr. um tilgang félagsins.
- Breytingu á nafnverði hlutafjár í 3. gr. verði tillaga um lækkun hlutafjár samþykkt.
- Viðbótarorðalagi í 4. gr. um forgangsrétt hluthafa.
- Sérstakri heimild til handa stjórn um að hækka hlutafé í 4. gr.
- Viðbótarorðalagi í 12. gr. um heimild til að gera breytingartillögur á aðalfundinum við fyrirbyggjandi tillögur fundarins.

Reykjavík, 22. febrúar 2017.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

VÍS



# KRÓNAN

**Krónan  
mælir með!**



**395** kr.  
kg

Mangó í lausu, Perú

**-20%**

**Borðaðu mig  
-bestur núna!**

**463** kr.  
pk.

Mangó, þroskað, 2 stk. í pakka, Brasilía

**Verð áður ~~579~~ kr. pk.**

**-20%**

**399** kr.  
pk.

Vínber, askja, 500 g, Suður Afríka

**Verð áður ~~499~~ kr. pk.**





# KRÓNAN

**-20%**



**Krónan  
mælir með!**



**399** kr. pk.

Pink Lady epli, 8 stk. í pakka, Frakkland

**Verð áður ~~499~~ kr. pk.**



**Gott  
verð!**

**499** kr. pk.

Lífræn epli, 1 kg, Royal Gala, Ítalía



**260** kr. kg

Epli, rauð. Ítalía





# KRÓNAN

## Heitt og klárt



Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola

# 1599

kr.  
tvennan

### Gott verð!

Hvítlauchs- og rósmarín  
marinerað

Ítalskt  
marinerað

New York  
marinerað



# 1480

kr.  
kg

Lúxus grísakótiletur, marineraðar

Verð áður ~~2280~~ kr. kg

### -35%



### -30%

# 4199

kr.  
kg

Ungnauta Rib Eye, Þýskaland

Verð áður ~~5999~~ kr. kg



### -25%

# 2024

kr.  
kg

Ungnautagúllas

Verð áður ~~2699~~ kr. kg



Tilboðin gilda til 26. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



# KRÓNAN

## Ódýrt



Alpro jurtamjólk í kassa



# 279

kr. stk.

249 kr. stk. ef keypt eru 8 stk.  
í kassa = 1992 kr. pk.



# 249

kr. pk.

Krónu Chia fræ, 300 g - 829 kr. kg



# 199

kr. pk.

Frosin bláber 250 g - 796 kr.kg



## Ódýrt



# 199

kr. pk.

Frosin skógarber 300 g - 663 kr.kg







**BRYGGJAN BRUGGHÚS**  
bistro & brewery

BRYGGJAN BRUGGHÚS \* GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK  
456 4040 \* WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

# Þankar að baki bakþönkum



**Kári Stefánsson**  
forstjóri  
Íslenskrar  
erfðagreiningar

Í bakþönkum Fréttablaðsins á þriðjudaginn var birtist greinarstúfur eftir Sirrý Hallgrímsdóttur undir fyrirsögninni Útkall í þágu vísinda. Í greininni sem er lofsverð fyrir þær sakir að höfundur reynir að vera fyndinn eru eftirfarandi atriði sem ég hef út á að setja:

1. Sirrý gefur í skyn að Íslensk erfðagreining hafi ekki aflað lífsýna hjá íslenskri þjóð í þágu vísinda heldur í annarlegum tilgangi, óskilgreindum. Staðreyndin er sú að með því að vinna gögn úr þessum sýnum og rýna í þau hefur Íslensk erfðagreining leitt heiminn á sviði mannfæðisfræði í um tvo áratugi og er það í eina skiptið í sögunni sem Ísland hefur svo ekki verður um deilt verið í fararbroddi nútíma vísinda. Fyrirtækið hefur birt rúmlega 400 ritrýndar vísindagreinar í bestu tímaritum heims. Þar sem Sirrý nefnir undirritaðan á nafn sé ég ástæðu til þess að benda á að ég hef tekið þátt í að skrifa 520 vísindagreinar og það hafa birst meira en 80.000 vísindagreinar eftir aðra vísindamenn þar sem er vitnað í mín verk. H-stuðull er einn af þeim mælikvörðum sem eru notaðir á áhrif manna í vísindum og er minn H-stuðull 141, sá hæsti sem íslenskur vísindamaður hefur hlotið. Afköst í vísindum hljóta að vera einn mælikvæði á það hversu líklegt það kunni að teljast að menn meini það þegar þeir segjast vera að gera eitthvað í þágu vísinda. Eg væri hissa ef það fyndust margir vísindamenn í Evrópu sem hefðu

skilað meiri afköstum. Það nægði samt ekki til þess að koma í veg fyrir að Sirrý, sem var aðstoðarmaður ráðherra mennta og vísinda þangað til fyrir örfáum dögum, gæfi það í skyn að ég noti vísindin til þess að fela annarlegan tilgang að baki söfnun lífsýna.

2. Sirrý segir að Íslensk erfðagreining hafi safnað lífsýnum fyrir amerískan lyfjarisa. Staðreyndin er sú að Íslensk erfðagreining hefur aldrei safnað lífsýnum fyrir annan aðila en Íslenska erfðagreiningu og hefur aldrei veitt utanaðkomandi aðila aðgang að sýnum. Íslensk erfðagreining hefur hvorki veitt Amgen né öðrum utanaðkomandi aðilum aðgang að gögnum unnum úr lífsýnum eða annars staðar að. Íslensk erfðagreining á ekki gögnin heldur eru vísindamenn fyrirtækisins vörsluaðilar gagnanna og er aðgangur þeirra takmarkaður af Vísindasíðanefnd og Persónuvernd.

3. Öll gögn hjá Íslenskri erfðagreiningu eru geymd undir kennitölum sem hafa verið dulkóðaðar af þriðja aðila samkvæmt ferli sem hefur verið blessaður af Persónuvernd. Þar af leiðandi getur Íslensk erfðagreining ekki borið kennsl á einstaklinga og hefur ekkert að vinna og öllu að tapa með því að gera slíkt. Sá möguleiki er hins vegar fyrir hendi að íslenskt samfélag nýti sér getuna til þess að finna dulkóðaða kennitölu þess sem hefur skilið eftir lífsýni á vettvangi glæps sem Persónuvernd gæti síðan afkóðað ef lagaheimild væri fyrir hendi. Það eina sem við hjá Íslenskri erfðagreiningu höfum gert af okkur í þessum málum er að bjóðast til þess að aðstoða lögregluna innan ramma laganna til þess að leysa flókin mál. Fyrirtækið hefur ekkert á því að græða og við vorum okkur meðvituð um að boðið myndi að öllum líkindum leiða til



**Það eina sem við hjá Íslenskri erfðagreiningu höfum gert af okkur í þessum málum er að bjóðast til þess að aðstoða lögregluna innan ramma laganna til þess að leysa flókin mál. Fyrirtækið hefur ekkert á því að græða og við vorum okkur meðvituð um að boðið myndi að öllum líkindum leiða til þess að fólk af Sirrýjar sauðahúsi reyndi að ata okkur auri.**

þess að fólk af Sirrýjar sauðahúsi reyndi að ata okkur auri.

Hvers vegna skyldi Sirrý skrifa þessa grein núna, spyr kannski einhver? Að öllum líkindum vegna þess að hún er að reyna að koma sér í mjúkinn hjá Sigríði Á. Andersen dómsmálaráðherra í von um starf. Sirrý var aður aðstoðarkona Illuga Gunnarssonar, þáverandi menntamálaráðherra, og sá um almannaþengsl fyrir hann. Nú heldur hún augljóslega að hún gæti gagnast Sigríði jafnvel og Illuga. Í því felst reginmisskilningur vegna þess að Illugi er gáfaður maður og greindur og það þurfti fjall af heimskulegum ráðum almannatengils til þess að hrekja hann úr pólitík. Það er hins vegar ljóst að Sigríður Á. Andersen mun í sínu tilfelli sjá um þetta sjálf og þarf enga hjálp.

## Sérhagsmunaliðið



**Steingrímur J. Sigfússon**  
alþingismaður

Í kosningabaráttunni síðastliðið haust og oft endranær í stjórnmálumræðunni krýna margir sig iðulega með slagorðum sem eiga að undirstrika gæði eða yfirburði hlutadeigandi sem fulltrúa almennings. Einna vinsælast er að segja að viðkomandi sé; „fulltrúi almanna-hagsmuna og gegn sérhagsmunum“. Síðan hljómar auðvitað vel að vera „umbótasinnaður“, vilja „kerfisbreytingar“ vera „faglegur“, afburða „frjálslyndur“ og þar fram eftir götunum. Ef þú vilt vera alveg klár á hlutunum og hafa umbúðirnar eins söluvænar og nokkur kostur er þá er vænlegt að slá þessu öllu saman og segjast vera; „umbótasinnaður, frjálslyndur, faglegur, lýðræðislegur, kerfisbreytinga- miðjuflokkur eða miðjumaður“.

En hvað stendur stjórnmálamaðurur eða flokkur raunverulega fyrir og hvenær og hvernig birtist það? Jú, það birtist í verkunum. Verkin sýna merkin eins og sagt er. Það birtist í afstöðu til mála, t.d. þegar þingmenn greiða atkvæði og þegar þingmenn flytja mál. Tökum sem dæmi þingmannahópin sem enn á



**Ef þú vilt vera alveg klár á hlutunum og hafa umbúðirnar eins söluvænar og nokkur kostur er þá er vænlegt að slá þessu öllu saman og segjast vera; „umbótasinnaður, frjálslyndur, faglegur, lýðræðislegur, kerfisbreytinga- miðjuflokkur eða miðjumaður.“**

ný flytur þingmálið um brennivín í búðir og þá sem hyggjast styðja það. Gæti vera þingmanna í þeim hópi, eða eftir atvikum afstaða flokka, að því marki sem þeir skipa sér í fylkingar með eða á móti, verið betri mælikvæði en fallegar nafngiftir sem menn velja sér sjálfum. Litum aðeins nánar á það.

1. Byggir frumvarpið um brennivín í búðir á faglegi nálgun? Nei, varla verður það sagt þegar allir helstu fagaðilar sem gerst til þekkja, uppeldis-, fræðslu-, forvarna- og heilbrigðisfagfólk með landlækni í broddi fylkingar leggja gegn málinu.

2. Byggir málið á sterkum lýðræðislegum grunni? Er ástæða til að

ætla að meirihluti kjósenda, uppspretta valdsins, vilji þessa breytingu? Svárið er nei. Allar nýlegustu mælingar hafa sýnt að meirihluti landsmanna er á móti málinu. Fólk vill þetta almennt ekki.

3. Er þetta augljóst, jákvætt kerfisbreytinga-umbótamál og í hverju felast þá umbæturnar? Engar umbætur eru sjáanlegar. Er ekki staðreyndin sú að fyrirkomulagið í dag er skilvirkt og tryggir jafnræði í þeim skilningi að varan stendur landsmönnum til boða á sama verði hvar sem er á landinu? Almennungur er ánægður með þjónustuna samanber itrekaðar mælingar samkvæmt svonefndri ánægjuvög.

4. Er eitthvað sérstaklega frjálslynt við það að hundska lýðheilsurök? Svárið því hver fyrir sig.

5. Er þetta mál í þágu almanna-hagsmuna og gegn sérhagsmunum? Nei, svo vill til að það er akkúrat öfugt. Almennungur biður ekki um þessar breytingar og þvert á móti er almenn hneykslun í samfélaginu á því að þetta skuli vera í því líkum forgangi sem raun ber vitni hjá þeim sem að málinu standa. Það eru eigendur stórverslunarinnar í landinu sem vilja þessar breytingar. Það eru þeirra hagsmunir sem drífa þetta mál áfram og það er þeirra sérhagsmunum sem hér er verið að þjóna. Aðstandendur málsins eru því sérhagsmunaliðið.

**Vitamix**

**Pro750** galdurinn á bak við ferskt hráefni

- Nýtt útlit, öflugri og hljóðlátari
- Stiglaus hraðastýring ásamt pulse rofa og 5 prógrömmum
- Uppskriftabók fylgir



Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitækni.is

## Hvert er þitt markmið?

**Mamma Veit Best PURE SYNERGY**  
Lífræn hágæða bætiefni & vítamín



**15% afsláttur í febrúar**

MAMMA VEIT BEST.IS - LAUFBREKKA 30 & NJÁLSGATA 1

# Simaveski.is



**Simaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.**

Simaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind





## VEIK FYRIR YFIRHÖFNUM

**Emilía Ásrún Gunnsteinsdóttir** hefur mikinn áhuga á öllu því sem viðkemur tísku og útliti. Hún fylgist vel með, til dæmis á Instagram. Hennar helsta tískufyrirmynd er Instagramstjarnan Claire Rose Cliteur. >>



ALLT FYRIR  
FERMINGUNA  
*Fallegt, fágæð og töff*

comma,  
SMÁRALIND





Loðpels frá H&M, buxur frá Gallerí 17 og hvít samfella frá Zöru. MYNDIR/EYÞÓR



Í svartri samfella frá Asos, mömmugallabuxum frá sama merki, teinóttum jakka frá Gallerí 17 og skóm frá GS skóm.

FRVÍS/0217

KJÓLL  
5.995

## Konukuöld

**15% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM VÖRUM**  
OPIÐ TIL KL. 22.00 Í KVÖLD

KRINGLUNNI | 588 2300

**INDISKA**



Í hettupeysu frá Neon og leðurbuxum frá Vero Moda.

**Sólveig  
Gísladóttir**  
solveig@365.is



Emilía er förðunarfræðingur frá Reykjavík Makeup School en samhlíða ýmsum förðunarverkefnum starfar hún á leikskóla og stundar fjarnám. „Mér finnst mjög gaman að fylgjast með tísku, bæði á samfélagsmiðlum og úti á götu. Ég fæ mesta

innblásturinn á Instagram og finnst mjög gaman að fylgjast með flottum stelpum með flottan fatastíl,“ segir Emilía.

Beðin um að lýsa sínum stíl segir hún hann frekar kvenlegan og nútímalegan. „Mér finnst flott að blanda saman kvenlegum stíl við svolítið töfvaralegan stíl. Ég er rosalega veik fyrir yfirhöfnum og finnst mjög töff að hafa þær „oversized“. Ég blanda stundum saman elegant stíl við

„oversized“ jakka og finnst það koma mjög vel út.“

Emilía segir misjafnt hvar hún kaupir fötin sín. „Ég kaupir mér bara þau föt sem mér finnst flott hverju sinni og það er sama í hvaða búð það er. En eftir að ég uppgötvaði Asos-appið þá hef ég nýtt mér það töluvert.“

En á hún uppáhaldsflík? „Uppáhaldsflíkin mín mun vera „biker“-leðurjakkinn minn sem ég fékk í Gallerí 17. Hann er ótrúlega flottur og passar eiginlega við allt, bæði hversdags og við fin tilefni,“ svarar Emilía og viðurkennir að yfirhafnir séu hennar helsti veikleiki þegar kemur að tísku. „Ég hreinlega sogast að þeim. Fallegt skart heillar mig líka mjög mikið, til dæmis stórir og miklir eyrnalokkar. Svo finnst mér falleg förðun alltaf heillandi, mér finnst mjög skemmtilegt að skoða flottar makeup-myndir og fylgjast með góðum förðunarfræðingum á Instagram.“

Hvað með tiskufyrirmyndir, á hún sér slíkar? „Já, nokkrar. Og Instagram kemur þar sterkt inn, en það er ótrúlega gaman að sjá fallega og mismunandi stíla hjá stelpum á Instagram. Claire Rose Cliteur stendur upp úr og mér finnst hún vera með æðislegan stíl.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351  
Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarisdóttir, vera@365.is, s. 512 5357  
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atli@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



**20-50%  
afsláttur**

af völdum vörum!

Stærðir  
36-56

# KONUKVÖLD KRINGLUNNAR!

Ný sending og frábær tilboð - Opið til kl 22.00 rdag

# ZIKZAK

TÍSKUHÚS



**BOLUR**  
ÁÐUR 3.990  
NÚ 1.990  
st. 36-42



**PEYSA**  
ÁÐUR 5.990  
NÚ 3.990  
st. S-XXXL



**KJÓLL**  
ÁÐUR 7.990  
NÚ 2.990  
st. S-XXXL



**TÚNIKA**  
ÁÐUR 6.990  
NÚ 1.990  
st. S-XXXL



**KJÓLL**  
ÁÐUR 6.990  
NÚ 3.990  
st. S-XXXL



**KJÓLL**  
ÁÐUR 6.990  
NÚ 3.990  
st. 42-56



**TÚNIKA**  
ÁÐUR 4.990  
NÚ 2.990  
st. S-XXXL



**BLÚSSA**  
ÁÐUR 5.990  
NÚ 2.990  
st. S-XXXL



**KJÓLL**  
ÁÐUR 5.990  
NÚ 2.990  
st. S-XXXL



**AÐHALDS-  
BOLUR**  
ÁÐUR 6.990  
NÚ 3.990  
st. S-XXXL



**AÐHALDS-  
BOLUR**  
ÁÐUR 7.990  
NÚ 3.990  
st. 42-56

Einnig til  
í stuttur!

Aðhaldsbolur er  
eitt af því sem allar  
konur ættu að eiga,  
hann nýtist vel til  
að móta, stinna og  
slétta og hentar  
einstaklega vel  
undir sparifátæð



gæði - þekking - þjónusta

TURBOCHEF SOTA - TURBOCHEF TORNADO 2 - TURBOCHEF HIGHHBATCH 2  
 TURBOCHEF ENCORE - TURBOCHEF FÆRIBANDAOFNAR  
 TURBOCHEF FIRE PIZZAOFN - TURBOCHEF i3 & i5 TOUCH

## TURBOCHEF OFNAR

Kynntu þér úrval  
 TurboChef ofna hjá okkur

FÁÐU TILBOÐ

**pmt**  
 PLAST, MIÐAR & TÆKI



Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

Pleðurbuxur, gallabuxur,  
 treggings og leggings

Stærðir 38-58


Verlunin Belladonna

**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Baby boomer útlit hefur verið vinsælt.



Ballerínu-lögun er vinsæl og glimmer á eina eða fleiri neglur.



„Undanfarið hefur ekkert eitt verið meira í tisku en annað.“



Fallegt munstur á nokkrum nöglum.

# FALLEGAR NEGLUR SEM PASSA VIÐ ALLT

Þórhildur Sólbjörnsdóttir, nagla- og förðunarfræðingur, segir engar reglur gilda í naglatísku. Glimmer og glingur sé vinsælt en yfirleitt vilji konur neglur sem passa við allt. Fallegar neglur gefi aukið sjálfstraust.

Ragnheiður  
 Tryggvadóttir  
 heida@365.is



„Undanfarið hefur ekkert eitt verið meira í tisku en annað. Fólk er bara að fá sér það sem það langar í,“ segir Þórhildur Sólbjörnsdóttir, nagla- og förðunarfræðingur, spurð út í tiskustrauma í nöglum.

„Reyndar má segja að „nude“ sé alltaf sterkt en svo er vinsælt að vera með glimmer eða glingur á baugfingri og margar eru með slíkt á fleiri fingrum. Hjá mér hefur verið vinsælt í meira en ár útlit sem kallast „Baby boomer“ eða „French ombre“ en þá er hvítur litur látinn feida út í „nude“. Krómneglur hafa verið heitar, bæði silfrað og rósrátt króm og einnig hvítar krómneglur. „French“ er eiginlega alveg dáði út. Vinsælasta lögunin á nöglunum kallast ballerína. Svo eru alltaf einhverjar sem vilja eitthvað verulega krassandi en oftast vilja konur bara fallegar neglur og að þær passi við allt.“

Hvernig er best að hugsa um



Þórhildur Sólbjörnsdóttir, nagla- og förðunarfræðingur, segir fallegar neglur auka sjálfstraust margra.

neglurnar? „Neglur eru ekki verkfæri og þó þær geti verið mjög sterkar á ekki að nota þær á þann hátt. Þær geta brotnað mjög illa. Naglaböndin þarf að passa vel og bera á þau naglaolíu eða handáburð, sérstaklega í hitabreytingum, kulda og þurrki. Það er efit

“ Neglur eru ekki verkfæri og þó þær geti verið sterkar á ekki að nota þær á þann hátt. Þórhildur Sólbjörnsdóttir

að setja neglur fallega á ef naglaböndin eru illa farin og þá geta komið sár og sprungur,“ útskýrir Þórhildur.

Hún segist fá stelpur allt niður í fermingaráldur í neglur til sín en það verði þó að vera með leyfi foreldra. Yfirleitt byrji stelpur í fyrsta bekk í menntaskóla og eftir það verði ekki aftur snúið. Það sé auðvelt að ánetjast fallegum nöglum.

„Ég er með konur yfir sextugt sem koma reglulega í neglur til mín. Það að vera með fallegar neglur gefur mörgum meira sjálfstraust. Stelpur sem vinna til dæmis við afgreiðslustörf minnst gjarnan á þetta. Þær hlakki til að mæta í vinnuna þegar neglurnar eru fallegar.“

Frábært úrval  
 af skyrtum  
 í stærð 34 - 52

Verð frá 5.900  
 til 12.900 kr.

Skyrta á  
 9.900 kr.  
 - 3 litir: kremhvítt,  
 navyblátt, rautt

Opið  
 virka daga  
 kl. 11-18  
 laugardaga  
 kl. 11-15

**black pepper**  
 FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook



LANCÔME  
PARIS

**AUGNKREM**  
Hrukkur - Dökkir baugar - Pokar

**DAGKREM**  
Hrukkur - Fjaðurmagn - Ljómi



FANGAÐU HÚÐINA EINS OG  
ÞÚ VILT AÐ HÚN VERÐI AÐ EILÍFU.

**VISIONNAIRE**

LEIÐRÉTTANDI DAG- OG AUGNKREM



**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Ryðfrír**  
neysluvatnshitarar  
með 12 ára ábyrgð

Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest annað  
til rafhitunar

Við erum sérfræðingar í öllu sem  
viðkemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



Tískuljónynjan og stílistinn Joanna Hillman mætti í þessari glæsilegu köflóttu kápu á tiskuvíkuna í New York.



Camilla, hertogaynja af Cornwall, í glæsilegri köflóttu kápu.

Nýjar vörur streyma inn.

**Netverslun á tiskuhús.is**

Stærðir 38-52

**My Style**  
tiskuhús

my style f  
Holtasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464

# KAFLAR MEÐ KÖFLUM

Köflótt var mjög heitt fyrir nokkrum árum og á nú endurkomu í vor og sumar enda sígilt og býður upp á ýmsa möguleika.

**Brynhildur Björnsdóttir**  
brynhildur@365.is



Eitt sinn var toppurinn að vera í teinóttu en í sumar verður kúl að vera í köflóttu. Köflótt var mjög heitt árið 2012 og á nú endurkomu enda sígilt og getur bæði

verið „sporti“ og „sexi“ svo vitnað sé til Kryddpianna okkar allra. Kaflar gera lífið bæði litríkara og skemmtilegra og þó sumir geti minnt á viskastykki færa aðrir okkur beint í skosku hálöndin í veiðiferð með bresku konungsfjölskyldunni. Enn aðrir eru svo nútímalegir og ögrandi í takt við tímann. Köflótt passar vel á skyrtur jafnt sem kjóla, yfirhafnir sem og stuttermaboli og eru bæði töff á fötum og fylgihlutum enda nutu þeir sín svo sannarlega vel á vorsýningum tiskuhúsanna. Stórköflótt er málið í ár og skotamynstrið á einnig einstaklega vel við. Köflóttar flíkur komu sterkar inn í tiskuvíkum beggja vegna Atlantshafsins í síðustu viku og má segja að lögmálið hafi verið: því stærri því betra.

Svo nú er bara að kafla sig upp og bíða vorsins.

Nýjar vorvörur

Blússa kr. 5.900.- Str. S-XXL

Blússa kr. 8.900.- Str. 42-52

**Ríta**

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Við erum á Facebook



Cimone-kápa með risastórum og áberandi köflum vakti mikla lukku á tiskuvíkunni í London um daginn.



Ónefnd tiskudíva vakti athygli ljósmyndara á tiskuvíkunni í New York í þessum köflóttu skokki.

Það kemur engum á óvart að hið þekktu Mulberry-tiskumerki skuli gripa kaflana á lofti. Hér má líta glæsilega kápu og skemmtilega óvenjulega tösku sem fellur eins og flis við rass.



# JS Watch co.

REYKJAVIK



## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarin gæði íslensku úrana.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu [www.gilbert.is](http://www.gilbert.is) eða [www.jswatch.com](http://www.jswatch.com).



# GILBERT

ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
[www.gilbert.is](http://www.gilbert.is)



# EINSTÖK UPPLIFUN Í BÍÓ PARADÍS

Næstu daga mun Bíó Paradís iða af lífi þegar kvikmynda- og ráðstefnuhátíðin Stockfish Film Festival fer fram. Boðið verður upp á úrval kvikmynda frá ýmsum löndum auk annarra viðburða fyrir áhugafólk um kvikmyndir.

## Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



VORLÍNUR FRÁ  
GERRYWEBER-TAIFUN-BETTY BARCLAY  
BUXNAÚRVAL FRÁBÆR VERÐ  
(Sömu verð og á hinum Norðurlöndunum)



Fylgdu okkur á facebook.com/laxdal.is



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

við þú að...

Ófæðisfóttir börn hafa áhrif á börn.



„Aðsókn hefur aukist milli ára enda hafa þeir sem sækja hátíðina einu sinni viljað koma aftur til að upplifa aftur einstaka kvikmyndaveislu,“ segir Marzibil Sæmundardóttir, framkvæmdastjóri Stockfish kvikmyndahátíðarinnar. MYND/EYÐÓR

**Starri Freyr  
Jónsson**  
starri@365.is



Stockfish Film Festival hefst í dag en hún er kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndabransanum sem er haldin í samvinnu við Bíó Paradís og öll fagfélög í kvikmyndagreinum á Íslandi. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval kvikmynda frá ýmsum löndum auk þess sem margir skemmtilegir viðburðir verða í boði, t.d. málþing, tónleikar, meistarspjall og heimsóknir erlendra kvikmyndagerðarmanna og fagaðila í kvikmyndagerð að sögn Marzibil Sæmundardóttur, framkvæmdastjóra hátíðarinnar. „Ráðstefnuhluti hátíðarinnar opnar því markvisst fyrir samtal og samstarf við erlendan kvikmyndaiðnað á meðan hátíðin sýnir handvaldar verðlaunamyndir þar sem áhorfendur fá tækifæri til að sjá það besta sem er að gerast í alþjóðlegri kvikmyndagerð í dag.“

Hátíðin hefur heppnast afar vel undanfarnir tvö ár og segir Marzibil Bíó Paradís iða af lífi þá ellefu daga sem Stockfish hátíðin stendur yfir. „Aðsókn hefur aukist milli ára enda hafa þeir sem sækja hátíðina einu sinni viljað koma aftur til að upplifa aftur einstaka kvikmyndaveislu.“

### GOTT ÚRVAL

Boðið verður upp á gott úrval kvikmynda og segir Marzibil erfitt að velja á milli þeirra. „Það er óhætt að segja að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi enda eru þetta allt úrvalsmyndir. Ef ég ætti að nefna nokkrar sem hátíðargest-



Kvikmyndin *The Greasy Strangler* er ein fjölmargra áhugaverðra mynda Stockfish.

ir ættu alls ekki láta fram hjá sér fara mætti nefna *The Greasy Strangler*, *The Other Side of Hope*, *Staying Vertical*, *Just Between Us*, *Barakah meets Barakah* og *How to Let Go of the World and Love All the Things Climate Can't Change*. Af öðrum stærri viðburðum má nefna meistarspjall með Måns Mårilind, tónleika með Ulrike Haage, spurt-og-svarað viðburði með leikstjórum, málþing og partí. Ég myndi mæta á þetta allt saman.“

Meðal innlendra viðburða má nefna stuttmyndakeppnina *Sprettfiskurinn* en þar eru íslenskar stuttmyndir frumsýndar og keppa um *Sprettfiskinn*. „Einnig munu íslenskir framleiðendur sýna búta úr þeim kvikmyndaverkum sem þeir eru með í vinnslu og Órvarpið sýnir þær 12 myndir sem hafa möguleika á að hljóta Órvarpann fyrir örmynd ársins. Einnig verða tvær íslenskar heimildarmyndir sýndar og tvær aðrar myndir

á dagskránni sem eru með sterka Íslandstengingu.“

### UMHVERFISMÁL ÁBERANDI

Að öðru leyti verður hátíðin með svipuðu sniði og undanfarnir ár, nema að hugað er meira að umhverfismálum í ár segir Marzibil.

„Í ár sýnum við t.d. fjórar heimildarmyndir sem fjalla um umhverfistengd málefni, þ.á.m. íslensku heimildarmyndina *Línudans* sem verður frumsýnd á hátíðinni. Við fáum einnig yfir 20 gesti erlendis frá sem munu taka þátt í hátíðinni en erlendu gestirnir setja ávallt sterkan svip á hátíðina. Í ár eru það m.a. heiðursgestirnir okkar og leikstjórnarnir Alain Guiraudie og Rajko Grlić.“

Upplýsingar um kvikmyndir og viðburði hátíðarinnar má finna á [stockfishfestival.is](http://stockfishfestival.is) auk þess sem fylgjast má með nýjustu fréttum á Facebook-síðu hátíðarinnar.





# Illska

*Magnism eírs adit andebit  
inctotas sursimus niemis*



„Þetta er að öllum líkindum ein  
mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn  
tíma og listamönnunum til mikils sóma.“

B.L. - DV

**ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!**

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Miðasala | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



## BÍLAR & FARARTÆKI



### GÓÐUR BÍLL! EINN EIGANDI!

KIA Sorento. Árgerð 2011, ekinn 123 PKM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.690.000. Rnr.101493.



### EINN EIGANDI!

AUDI A3 sportback. Árgerð 2012, ekinn 22 PKM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.650.000. Rnr.110952.

**MB Bílar**  
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík  
Sími: 415 1150  
Opíð 10-18, lau 12-16  
http://www.mbbilar.is

## BORGARBÍLASALAN

580 8900 • borgarbilasalan.is



### PESSI SEM VIRKARI!!!

'99 ISUZU TROOPER. EK 207P, DÍSEL, BEINSK...MIKIÐ ENDURNÝJAÐUR! TILBOÐ 399 PÚS. #480227. S: 580 8900



### BALLI MÆLIR MEÐ...

'12 SUZUKI SX4 GLX. EK 65P, BENSÍN, BEINSK...BALLA BAUKUR AF BESTU GERÐ! TILBOÐSVERÐ 1.780 PÚS. #471696. S: 580 8900



### GÆI MÆLIR MEÐ...

'16 TOYOTA HILUX DLX D/C. EK 35P, DÍSEL, BEINSK...LITLA DÆMIÐ VINUR!!! ÁSETT 5.680 PÚS. #480230. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900

## HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



7 MANNA BMW X5 30d. Árgerð 2011, ekinn 127 PKM, dísel, sjálfskiptur Verð 6.380.000. Rnr.211437.Höfðabílar S.577-4747

**Höfðabílar**  
Fossháls 27/ Dragháls megin,  
110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
www.hofdabilar.is

## GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is  
907 2003

## 567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

### BÍLAHÖLLIN

BILAKJARNINN VÍÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



VOLVO Xc90 2.5 turbo. Árgerð 2004, ekinn 173 PKM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.490.000.Umboðsbíll og 1 eigandi frá upphafi Rnr.115668.

**Nýja bílahöllin**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
www.nyja.is

### Bílar til sölu



Til sölu VW golf árg 01 1,4 beinsk ek 207 þús ný negld vetrardekk ný tímareim fullur tankur bensín topp bíll verð 320 þús 8927852

vissir þu að...  
Það er bannað að trýna börnum eftir lúrhötti

### 500-999 þús.



**TILBOÐ 790.000.- 100% LÁN**  
CHEVROLET AVEO 6/2010 ek.98 þús, bsk, ný skoðaður 18, lítur vel út og eyðir litlu 5,4ltr/100, ásett verð 1090 þús skoða skipti á ódyrari, TILBOÐ 790 PÚS stgr eða á100% láni s.841 8955



**SPARIBAUKUR - TILBOÐ 690 PÚS - 100% LÁN**  
RENAULT CLIO COMFORTLINE 10/2008 ek121 þús, bsk, ný dekk, ný tímareim og nýtt í bremsum, flottur sparibaukur sem lýtur vel út, ásett verð 890 þús TILBOÐ 690.000 möguleiki á 100% láni s.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



### STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 PÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.


### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

vissir þu að...  
börneiga rétt á nokkum snotni

# Kynntu þér appið og vertu með!





Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctur byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

ATVINNA

Atvinna í boði

MÚLAKAFFI

leitar að vaktvinnufólki í mótuneyti Rio Tinto í Straumsvík, unnið er á 2-2-3 vöktum frá kl. 2-20. Um almennt starf í mótuneytinu er að ræða. Íslensku / enskukunnáttu, almenn ökuréttindi skilyrði.

Umsóknir sendist á gudjon@mulakaffi.is

VÉLSTJÓRI

Vantar á Sæfara ÁR 170. Vélastærð 465 kw. Uppl. í s. 846 4889 og hsver@simnet.is

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asiú mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

Atvinna óskast

PROVENTUS STARFSMANNAPJÓNUSTA

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

Viðskiptatækifæri

HRAFNASPARK ER TIL SÖLU.

Krossgátu- og þrautablaðið Hrafnaspark er til sölu. Afhending strax ef rétt verð fæst. Um er að ræða 23 blaða seríu sem er tímalaus og einnota. Höfundaréttur og mjög góð viðskiptavild innifalin í verði. Vélar geta fylgt með.

Upplýsingar hjá krass@krass.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Rafvirkjun

Uppsetning og Þjónusta

Ljósleiðara/Ljósnetstengingum Loftnets/Gerfihnattadiskum Sjónvarps/Netlagnir Flatskjáir/Mynvarpar

Loftnetstaekni.is S: 894 2460.


RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Önnur þjónusta



Parket/sólpallaslípun um allt land. www.parketslipunmeisterans.is -7817200 í Reykjavík og Akureyri.



Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Uppl. s. 821 1333 Verkfar ehf

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningsvinnu. Jón og Marteinn 8611242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

• Hjólbarðaviðgerðir  
• Smurþjónusta  
• Bremsur  
• Demparar  
• Rafgeymar  
• o.fl.

Gylfafiöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

Er vandamál með neysluvatnið? Við ástandsskoðum, hreinsum og fódurum neysluvatnslagnir.

HREINARLAGNIR

Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.

S: 519-6480 hreinarlagnir.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS

TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

EYJALIND GRAMMER

Sæti og varahlutir í  
- Lyftara  
- Vinnuvélar  
- Vörubíla  
- Bata

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta Dugguvogi 23 - s: 5814991 rafstilling@rafstilling.is

Snyrti & nuddstofan Smart Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur! Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímamantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun sólpallaslípun | parketlagnir 531 1309 / 690 5115 golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRITT

Gólf list

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



## húsnæði óskast

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110, Ártúnsholt / Árbær.** Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á: **sendtohelgi@gmail.com**

## tilkynningar



Auglýsing -

**Starmýri II í Djúpavogshreppi - deiliskipulagstillaga**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 9. febrúar 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á Starmýri II, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er 750 m<sup>2</sup> lóð sem staðsett er skammt austan við núverandi íbúðarhús. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir þremur 35 m<sup>2</sup> byggingareitum fyrir hús, sem ætluð eru til reksturs gistingu, í samræmi við fyrirbyggjandi skipulags- og byggingarskilmála.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi til kynningar í skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi frá 23. febrúar til 6. apríl 2017. Einnig mun tillagan vera aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: [www.djupivogur.is](http://www.djupivogur.is) undir tenglinum Aðalskipulag.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á netfangið [sveitarstjori@djupivogur.is](mailto:sveitarstjori@djupivogur.is), **eigi síðar en 6. apríl 2017**. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykkur.

## útboð

ONRS-2017-04/ 23.02.2017

## Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

**Sandblástur**

Sandblástur felur í sér að fjarlægja harðar kísilúrfellingar af á röturum, leiðiskóflum, áspéttihúsum og öðrum búnaði.

Áætlaðar eru þrjár vélaupptektir á ári en hver vélaupptekt tekur um 20 daga. Einnig er áætlað að blása einn til þrjá rötóra á ári tengt viðgerðum auk sandblæstri með glersalla á áspéttum.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2017-04 Sandblástur“

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR <https://www.or.is/fjarmal/utbod>

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 11.01.2017 kl. 10:00.

## ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · [www.on.is](http://www.on.is)  
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á [utbod@on.is](mailto:utbod@on.is)



ONRS-2017-03/ 23.02.2017

## Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

**Hreinsun á varmaskiptarörum og hverfilhlutum**

Á Nesjavöllum eru tvær skiljuvatnsvarmaskiptarásir. Í skiljuvatnsvarmaskiptarás eitt, eru tveir varmaskiptar með 1400 rötum hver, að lengd 6000 mm. Í skiljuvatnsvarmaskiptarás tvö, eru fjórir varmaskiptar með 1030 rötum hver, að lengd 4260 mm. Að jafnaði hafa verið hreinsaðir um tveir varmaskiptar á ári, eða á bilinu 2000-2500 rötum.

Á Hellsheiði eru fjórir varmaskiptar. Í hverjum varmaskipti eru 2358 röt, að lengd 4605 mm. Innanmál röra er 23,0 mm. Hreinsa þarf rötin að meðaltali einu sinni á ári.

Hreinsun á hverfilhlutum felur í sér hreinsun á röturum, leiðiskóflum og hverfilhúsum, auk annarra hverfilhluta.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2017-03 Hreinsun á varmaskiptarörum og hverfilhlutum“

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR <https://www.or.is/fjarmal/utbod>

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 11.04.2017 kl. 11:00.

## ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · [www.on.is](http://www.on.is)  
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á [utbod@on.is](mailto:utbod@on.is)



## FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

**RÁÐGJÖF**

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

**RÁÐNINGAR**

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

**RANNSÓKNIR**

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf.

Síðumúla 5

108 Reykjavík

511 1225

[intellecta.is](http://intellecta.is)

intellecta



# Tryggja þarf rétt til aðstoðar við að krefjast sanngirnibóta



Ívar Þór Jóhannsson  
héraðsdóms-  
lögmaður

Mikil umræða hefur farið fram undanfarið um greiðslu sanngirnibóta í tengslum við útgáfu Vistheimilaneftndar á nýrri skýrslu um vistun barna á Kópavogshæli á árunum 1952 til 1993. Niðurstöður skýrslunnar eru afdráttarlausar og er óþarfi að rekja þær hér að öðru leyti en því að þar sættu vistmenn í verulegum mæli líkamlegu- og andlegu ofbeldi auk þess að þola illa meðferð. Er því ljóst að margir vistmenn kunna að uppfylla skilyrði fyrir greiðslu sanngirnibóta vegna vistunar skv. lögum nr. 47/2010.

## Framkvæmd stjórnvalda stóðst ekki lög

Undirritaður hefur áður skrifað blaðagrein um sanngirnibætur en greinin birtist í Fréttablaðinu þann 27. nóvember 2015 undir yfirskriftinni: „Eiga fleiri rétt á sanngirnibótum?“ Fjallaði greinin um dómsmál sem undirritaður rak fyrir hönd ungrar konu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en sýslumaður og Úrskurðarnefnd sanngirnibóta höfðu sýnað henni um sanngirnibætur á þeim grundvelli að sú illa meðferð og ofbeldi sem hún varð fyrir í Heyrnleysingjaskólanum hefði ekki farið fram innan þess tímabils sem Vistheim-

ilaneftnd kaus að beina rannsókn sinni að. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði þegar greinin var skrifuð felld umræddar stjórnvaldsákvæðanir úr gildi og síðar staðfesti Hæstiréttur Íslands þá niðurstöðu, sem leiddi til þess að fleiri tjónþolar töldust eiga rétt á sanngirnibótum.

## Tjónþolar þurfa hagsmunagæslu

Þessar niðurstöður dómstóla staðfesta að tjónþolar geta þurft á laga- legri réttindagæslu að halda þegar þeir krefjast sanngirnibóta hjá stjórnvöldum enda eru úrlausnir stjórnvalda ekki óbríðular. Í mála- flokknum reynir á tiltölulega nýleg lagaákvæði sem ekki hefur reynt mikið á fyrir dómstólum. Þessu til frekari staðfestingar má benda á að unga konan sem höfðaði framan- greint dómsmál undirbýr nú nýtt dómsmál þar sem reyna mun á réttindi hennar tengd sanngirnibótum auk þess sem fleiri aðilar hafa leitað til undirritaðs sökum þess að þeir geta ekki fellt sig við niðurstöðu stjórnvalda varðandi kröfur þeirra. Í öllu falli er ljóst að huga getur þurft gætilega að lagalegum réttindum tjónþola við kröfugerð og í samskiptum þeirra við stjórnvöld.

## Tryggja þarf rétt til aðstoðar

Undirritaður tekur af heilum hug undir orð Hrefnu Friðriksdóttur, formanns vistheimilaneftndar, í viðtali við Ríkisútvarpið þann 7. febrúar 2017 þar sem lögð er áhersla á að tjónþolar fái aðstoð við að lýsa kröfum og fylgja þeim eftir. Samkvæmt nógildandi lögum um sanngirnibætur virðist ekki fyrir hendi heimild til greiðslu



**Samkvæmt nógildandi lögum um sanngirnibætur virðist ekki fyrir hendi heimild til greiðslu kostnaðar lögmans vegna hagsmunagæslu á lægra stjórnsýslustigi, þ.e. hjá sýslumanni.**

kostnaðar lögmans vegna hagsmunagæslu á lægra stjórnsýslustigi, þ.e. hjá sýslumanni. Lögin gera hins vegar ráð fyrir því að tjónþolar geti fengið slíkan kostnað greiddan vegna hagsmunagæslu á æðra stjórnsýslustigi, þ.e. fyrir Úrskurðarnefnd sanngirnibóta, en slík þóknun takmarkast þó við sem svarar að hámarki 10 klst. vinnu. Úrskurðarnefnd sanngirnibóta hefur túlkað umrædda lagareglu á þá leið að tjónþolar eigi ekki rétt á greiðslu lögmanskostnaðar nema þeir eigi jafnframt rétt á greiðslu sanngirnibóta. Þeir tjónþolar sem kjósa að leita réttar síns þurfa því að bera kostnað við það, ef krafa þeirra nær ekki fram að ganga.

Af þessu er ljóst að tryggja þarf betur réttindi tjónþola til aðstoðar við að krefjast sanngirnibóta, bæði á lægra og æðra stjórnsýslustigi enda um mikilvægt hagsmunamál þess hóps að ræða. Reynslan hefur sýnt að slíki aðstoð er nauðsynleg bæði hvað varðar lagaleg atriði og í því skyni að aðstoða tjónþola til að koma kröfum sínum á framfæri.

# Hverjir eru úti að aka?



Vilborg Halldórsdóttir  
leikkona  
og leiðsögu-  
maður

Méðan ekki er veitt nægilegt fé til vegabóta í fjarlægum fjörðum þessa lands – Dýrafjardargöng – og álíka vegabætur, á þá að auka fé í að búa til útskot til myndatöku á hringveginum fyrir ferðamenn? Uppbyggingu innviða fyrir túrismann á ekki að taka af skattfé hins almenna borgara. Okkar skattfé greiðir fyrir velferðarkerfið: menntakerfi, heilsugæslu og samgöngur fyrir íbúa landsins.

Augljóst er að það þarf að fara strax í vegabætur vegna túrisma og að auka landvörslu. En – Júlía Jóns á Bildudal á ekki að greiða fyrir þessi myndatöku eða landvörslu í Reynisfjöru með skertu aðgengi að sinni lækniþjónustu. Gesturinn á að greiða fyrir þá þjónustu sem hann þarf. Ef hann kys að hunsavarnargirðingar og að lesa ekki á skilti, né lesa upplýsingar sem eru alls staðar ... hvort heldur á neti eða í ferðabókum. Nú, þá verður að hafa vit fyrir honum. Slíkur landvörður á að fá sín laun greidd úr sjóði sem gistináttgjald rynni beint í. Alls staðar í þeim löndum sem við berum okkur saman við er tekið gistináttgjald. Hvet ég lesendur til að sannreyna það og fara á netið og reyna að kaupa sér gistingu. Farið er að taka slíkt gjald einnig af Airbnb og þess háttar gistingu.

Reykjavík er aðalviðkomustaður

ferðamanna – og mikið sem það gæti orðið frábært, ef borgin fengi að innheimta alvöru „city-tax“ eins og aðrar borgir. Mér varð hugsað til þess á síðastliðinni Airwaves-hátíð, að hingað flykkjast ferðamenn til að hlusta á tónlist í borginni. Við eigum frábært tónlistarfólk og tónlistarskóla, hvar það hefur fengið sitt tónlistaruppeldi. Væri nú ekki stórkostlegt ef Reykjavíkurborg gæti notað hluta síns gistináttgjalds – til að greiða tónlistarkennurum mann- sæmandi laun? Þar með væri tónlistarneytandinn/ferðamaðurinn að greiða til uppsprettunnar – sem hann svo nýtur. Hvað eru samningarnir annars búnir að vera lausir lengi?

Af hverju ætti ég að greiða komu- gjald í hvert skipti sem ég kem heim til mín? Ég greiði nú þegar flugvallarskatt í hvert skipti. Yfirstjórn ferðamála á Íslandi er búin að vera úti að aka í bókstaflegri merkingu þess orðs allt of lengi. Fóru ekki ferðamálayfirvöld í herferð árið 2010? „Inspired by Iceland“ ... ekki reyna að afsaka ykkur með því að þessi túristaflaumur komi ykkur í „opna skjöldu“!



**Af hverju er ekki fyrir löngu búíð að setja hér á alvöru gistináttgjald, sem rynni í alvöru gistináttasjóð? Skyldi það vera af því að það gæti ruggað báti hóteleigendanna með sína himinháa prisa?**

## Ekkert skipulag

Eða borgin – árum saman voru rútfyrirtækin búin að biðla til skipulagsyfirvalda í Reykjavíkurborg um að koma upp „pick-up / drop off“ staðum og skiltum, þannig að þau gætu selt sínar skoðunarferðir með þessum upphafs- og endareitum. 17. júní 2016 sá ég fyrsta skiltið uppkomið ... og því miður hunsu alltof margir bílstjórar þau, vegna þess hve seint þau komu upp. Þegar lappir eru dregnar of lengi ... myndast ósiður sem erfitt getur orðið að vinna ofan af.

Og bílastæðamál íbúa miðborgar, eigum við að ræða það? Í flestum löndum sem ég þekki til mega aðkomumenn ekki leggja í stæði íbúanna. Við því liggja sektir. En héraðs má leggja tugþúsundum bílaleigubíla hvar sem hverjum sýnist í íbúðahverfum. Það er enginn rammi, ekkert skipulag. Bílaleigur (einkaframtakið) bara leigja og leigja bílaleigubíla – og 99% þeirra fara inn í 101 Reykjavík. Hvað með kolefnisspor? Eftirlit með löglegum ökuskírteinum og hæfni erlendrar bílstjóra er efni í aðra grein.

Af hverju eru hlutir enn svona árið 2017? Allt í boði hér, sem ekki myndi líðast annars staðar? Er það af því að við teljum okkur alltaf þurfa að finna upp hjólið? Af hverju er ekki fyrir löngu búíð að setja hér á alvöru gistináttgjald, sem rynni í alvöru gistináttasjóð? Skyldi það vera af því að það gæti ruggað bát hóteleigendanna með sína himinháa prisa? Einkafram- takið þarf náttúrulega að greiða út sinn arð – svo betra er að láta bara Júlía Jóns borga á meðan. Hann getur ugglaustr dregið það aðeins lengur að fara til læknis.



## AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bíslon er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.



Volkswagen

Við leitumst við að vera samstiga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

**BILSON**  
-VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

## Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar mæla með GUM tannvörum

... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

IceCare

– allar upplýsingar á [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**

Allt fyrir tónlistarmanninn



Nýjar vörur frá  
**ENDURANCE**

## Útsöluaðilar:

Útítilf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri  
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á [dansport.is](http://dansport.is)



FRÉTTABLAÐIÐ  
**SPORT****Nýjast****Domino's-deild kvenna**

<b>Stjarnan - Skallagrím.</b>	<b>79-84</b>
<b>Snæfell - Njarðvík</b>	<b>82-55</b>
<b>Haukar - Valur</b>	<b>62-74</b>
<b>Grindavík - Keflavík</b>	<b>60-87</b>

Efri	Neðri	
Snæfell	36	20
Keflavík	34	18
Skallagrím.	34	12
Stjarnan	24	6

**Meistaradeild Evrópu 16 liða**  
16-liða úrslit, fyrri leikur

<b>Porto - Juventus</b>	<b>0-2</b>
<b>Sevilla - Leicester</b>	<b>2-1</b>

**Evrópudeild UEFA**  
32-liða úrslit, síðari leikur

<b>Saint-Étienne - Man. Utd</b>	<b>0-1</b>
---------------------------------	------------

**Í dag**

<b>17.55 Roma - Villarreal</b>	Sport 2
<b>19.05 Keflavík - Haukar</b>	Sport 4
<b>20.00 Tottenham - Gent</b>	Sport 2
<b>19.40 Shakhtar - Celta</b>	Sport 3

**Domino's-deild karla**

<b>19.15 Stjarnan - Skallagr.</b>	Ásgarður
<b>19.15 Keflavík - Haukar</b>	Keflavík
<b>19.15 ÍR - Þór Ak.</b>	Seljaskóli
<b>19.15 Snæfell - Grindavík</b>	Stykkish.
<b>19.15 Tindastóll - Þór Þ.</b>	Sauðárkr.

**Coca Cola bikar kvenna undanúrslit**

<b>17.15 Stjarnan - Selfoss</b>	Höllin
<b>19.30 Haukar - Fram</b>	Höllin



Fyrirliðar liðanna fjögurra sem spila í undanúrslitum Coca-Cola bikars kvenna í handbolta í Laugardalshöllinni í kvöld. Talið frá vinstri: Solveig Lára Kjærsted frá Stjörnunni, María Karlsdóttir frá Haukum, Margrét Katrín Jónsdóttir frá Selfossi og Steinunn Björnsdóttir frá Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VIÐ KYNNUM  
**FRISLAND CLASSIC**  
TÍMALAUS GÆÐI

**GILBERT**  
ÚRSMIDUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

*J.S. Watch co.*  
REYKJAVÍK

**Gæði og glæsileiki**  
endalaust úrval af hágæða flisum

**Flísabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

# Vill draumaúrslitaleik

Hrafnhildur Skúladóttir býst við skemmtilegum og spennandi undanúrslitaleikjum í Laugardalshöllinni í dag en er samt sannfærð um að Fram og Stjarnan hafi betur og mætist þar í úrslitaleiknum á sama stað á laugardaginn.

**HANDBOLTI** Handboltahátíðin í Höllinni um helgina hefst í kvöld þegar fara fram undanúrslitaleikirnir í Coca-Cola bikar kvenna. Fyrst taka bikarmeistarar Stjörnunna á móti Selfossi klukkan 17.15 en klukkan 19.30 mætast síðan Haukar og Fram.

Hrafnhildur Skúladóttir varð bikarmeistari þrjú ár í röð frá 2012 til 2014 og lék alls fimm bikarúrslitaleiki í röð frá 2010 til 2014. Hrafnhildur þjálfar nú ÍBV-liðið og þekkir vel til liðanna fjögurra sem mætast í kvöld.

**Eiga að njóta og hafa gaman**

„Stelpurnar eiga bara að njóta þess að fá að spila svona leiki, hafa gaman og berjast eins og enginn sé morgundagurinn. Það er hrikalega skemmtilegt að spila svona leiki og þetta er mjög skemmtileg helgi,“ segir Hrafnhildur.

„Þetta verða hörkuleikir báðir leikirnir og brjáluð barátta. Ég held að það verði lítið skorað í þessum leikjum því það er yfirleitt þannig í Höllinni. Varnarleikurinn verður alltaf mikið betri en oft áður. Spennustigið er líka hátt og þetta verða þannig leikir,“ segir Hrafnhildur.

Stjörnunukonur unnu bikarinn í fyrra eftir 20-16 sigur á Gróttu í úrslitaleiknum.

**Hafa unnið sjö leiki í röð**

Stjarnan mætir liði Selfoss í undanúrslitunum í ár en Selfossliðið er fimm sætum og 19 stigum neðar í töflunni. Stjörnunukonur eru líka búnar að vinna sjö deildarleiki í röð og hafa ekki tapað síðan í nóvember.

## 4.

**Þetta er fjórða tilraun Hauka á jafn mörgum árum til að komast í bikarúrslitaleikinn.**

„Stjarnan er ótrúlega vel sett í þessum leik bara út af reynslu. Þær eru búnar að vera lengi með sama lið og bara búnar að styrkja sig miðað við síðustu ár. Þarna er bara lið sem er búið að spila til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn fjögur síðustu ár,“ segir Hrafnhildur en hún talar samt vel um Selfossliðið. „Ég var að spila við Selfoss um daginn og mér fannst þær spila frábærlega fyrir utan að þær hrynja síðustu tólf mínúturnar. Annars eru þær komnar með rosalega flott lið og eru líka búnar að sýna mjög stöðuga og góða markvörslu undanfarið sem skiptir rosalega miklu máli. Þær eru svo sem til alls líklegar og geta alveg unnið. Ég held bara að reynslan muni veita of mikið þarna,“ segir Hrafnhildur.

**Allt annað Haukalið**

Fyrirfram á seinni leikurinn að vera meira spennandi ekki sist þar sem Haukaliðið í dag er allt annað lið en tapaði sex af sjö leikjum sínum frá október fram í janúar. Liðið er búið að endurheimta Ramune Pekar-skyte sem hefur verið í frábæru formi í síðustu leikjum.

Haukakonur unnu þriggja marka sigur á Fram á dögnum og misstu síðan frá sér góða stöðu á móti

Stjörnunni um síðustu helgi. Þær hafa því sýnt að þær gefa efstu liðum Olís-deildarinnar ekkert eftir. Haukakonur hafa tapað í undanúrslitum þrjú undanfarin ár en Framkonur eru aftur á móti loksins komnar í Höllina eftir fjögurra ára fjarveru.

„Ég spái því að Fram og Stjarnan fari í úrslitaleikinn því þetta eru bestu liðin, bæði með reynslumikla leikmenn og eru bæði búnar að vera langstöðugustu liðin í vetur,“ segir Hrafnhildur sem er viss um að tapið á móti Haukum hjálpi Framliðinu í þessum leik sem og að hafa tapað úti í Eyjum í leiknum á undan.

**Höfðu gott af því að tapa**

„Þær höfðu bara gott að því að tapa þessum leikjum. Maður þarf stundum að fá spark í rassinn til að halda áfram. „Þær voru að vinna Gróttu með tíu mörkum og hafa greinilega átt mjög góðan leik þar. Þær verða alltaf tilbúnar í þetta og svo töpuðu þær fyrir Haukum um daginn og ég held að þær séu ekki að gera það aftur,“ segir Hrafnhildur.

Stjarnan og Fram eru bæði með 27 stig og 13 sigra í Olís-deildinni í vetur og það munar aðeins einu marki í nettó markatölu. Það er því ekkert skrátið að Hrafnhildur sé spennnt fyrir mögulegum úrslitaleik milli þessara liða.

**Hnífjafnir leikir**

„Mér finnst Fram og Stjarnan vera klárlega með bestu liðin í dag. Það væri draumaúrslitaleikur því leikirnir á milli þeirra eru búnir að vera hnífjafnir og verða það áfram. Það væri geðveikur úrslitaleikur,“ segir Hrafnhildur. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)



NÝTT BARNAEFNI Á

2 MARAÐON  
NOW



Tryggðu  
þér áskrift  
**2now.is**  
á aðeins  
100 kr. á dag.



## Saltkjöt af baunir...

LAMBASALTKJÖT  
BLANDAÐ**691 KR**  
KG

ÁÐUR: 898 KR/KG

SALTKJÖT - SÉRVALIÐ

**1.998 KR**  
KG

SALTKJÖT - SÍÐUBITAR

**198 KR**  
KG

ÁÐUR: 430 KR/KG

**-54%**BAUNASÚPU GRUNNUR  
KATLA**448 KR**  
PK

ÁÐUR: 498 KR/PK

Saltkjötið fest í Nettó

LAMBALÆRI  
SNEITT**1.259 KR**  
KG

ÁÐUR: 1.798 KR/KG

**-30%**LAMBABÓGUR  
KRYDDLEGINN MED  
SÍTRÓNUSMJÖRI**1.348 KR**  
KG

ÁÐUR: 1.498 KR/KG

**-25%**LAMB RIB EYE  
MED HVÍTLAUK OG RÓSMARIN**2.999 KR**  
KG

ÁÐUR: 3.998 KR/KG



OpalSeafood

LAXA-  
AFSKURÐUR  
REYKTUR - 500 GR.**1.015 KR**  
KG

ÁÐUR: 1.490 KR/KG

**-30%****-32%**

nettó

KJÖTFARS NÝTT - 500 GR.

**298 KR**  
PK

ÁÐUR: 438 KR/PK

nettó

KJÖTFARS - SALTAÐ - 500 GR.

**282 KR**  
PK

ÁÐUR: 415 KR/PK

**-20%**

GODI

LAMBASVIÐ - FROSÍÐ.

**398 KR**  
KG

ÁÐUR: 498 KR/KG

**-50%**SHARWOODS SÓSUR  
3 TEGUNDIR - 420 GR.**200 KR**  
PK

ÁÐUR: 399 KR/PK

**-25%**BATCHELORS HRÍSGRJÓN  
3 TEGUNDIR - 120 GR.**135 KR**  
PK

ÁÐUR: 180 KR/PK

Tilboðin gilda 23. - 26. febrúar 2017

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



SÚPUKJÖT  
**599** KR  
KG

ÁÐUR: 998 KR/KG

ÓDÝRT Í  
nettó

Verð-  
sprensjá

-40%



-30%



nettó

KJÚKLINGABRINGUR

**1.888** KR  
KG

ÁÐUR: 2.098 KR/KG

GULRÓFUR - ÍSLENSKAR

**188** KR  
KG

ÁÐUR: 279 KR/KG

Gulrófur og gulrætur  
á tilboði

GULRÆTUR - ÍSLENSKAR - 500 GR.

**230** KR  
PK

ÁÐUR: 329 KR/PK



Girnilæg  
pizza

TRADIZIONALE - PIZZA  
SALAME

**499** KR  
PK

ÁÐUR: 699 KR/PK



KAFFI  
D/E CLASSIC ROAST

**881** KR  
STK

ÁÐUR: 979 KR/STK



BERLÍNARBOLLA - 65 GR.

**139** KR  
STK

ÁÐUR: 199 KR/STK

-30%



CADBURY BRUNCH  
3 TEGUNDIR - 6 STK.

**224** KR  
STK

ÁÐUR: 299 KR/STK

-25%



LYONS TOFFYPOPS  
240 GR.

**249** KR  
PK

ÁÐUR: 289 KR/PK

Gott með  
kaffinu!



FINDUS KANELSNÚÐAR  
420 GR.

**358** KR  
PK

ÁÐUR: 398 KR/PK



FINDUS VÍNARBRAUÐ  
400 GR.

**629** KR  
PK

ÁÐUR: 699 KR/PK

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1927** Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld andast, 79 ára. Hann bjó lengst af í Edinborg.

**1983** Video-son hættir útsendingum. Fyrirtækið rak kapalsjónvarp í tvö ár og náði til um sex þúsund íbúða á höfuðborgarsvæðinu.

**1985** Torfi Ólafsson setur heimsmet unglinga í réttstöðulyftu í kraftlyftingum þegar hann lyftir 322,5 kg.

**1987** Konur verða aðalfulltrúar á Búnaðarþingi, í fyrsta sinn í sögu Búnaðarfélags Íslands frá stofnun 1899. Þetta eru Ágústa Þorkelsdóttir og Anna Bella Harðardóttir.

**1992** Skuttogarinn Krossnes frá Grundarfirði ferst á Halamíðum. Níu af tólf manna áhöfn er bjargað.



Torfi Ólafsson setti heimsmet í réttstöðulyftu árið 1985.



Vigdís Jakobsdóttir og Björn Ingi Hilmarsson leiða nú verkefnið Þjóðleik á Grænlandi og í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Þjóðleikur kominn í útrás

Leikstjórnir Björn Ingi Hilmarsson og Vigdís Jakobsdóttir leiða verkefnið Þjóðleik, sem Þjóðleikhúsið hefur staðið fyrir hér og á að innleiða á Grænlandi og í Færeyjum.

Í stuttu máli snýst Þjóðleikur um það að hópar ungs fólks á aldrinum þrettán til tuttugu ára um land allt fá að velja eitt af þremur glænýjum íslenskum leikverkum sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir verkefnið til að setja upp í sinni heimabyggð. Svo koma hóparnir saman á lokahátíðum í hverjum landshluta og sýna afrakstur erfiðisins. Þessar uppskeruhátíðir eru í raun eins og stór íþróttamót þar sem liðin mæta með leiksýningar í staðinn fyrir leikkerfi," segir Vigdís Jakobsdóttir leikstjóri en hún hefur fylgt Þjóðleik frá upphafi eða allt frá árinu 2008.

„Þetta er mikilvægasta verkefni sem ég hef komið að á mínum starfsferli í leikhúsi. Að taka þátt í því að skapa þennan vettvang fyrir ungt hæfileikafólk til þess að takast á við krefjandi „alvöru“ leikverk er ekki bara þakklátt heldur ótrúlega gefandi," segir Vigdís en hún mun hverfa til nýrra starfa núna og mun Björn Ingi Hilmarsson, leikari og leikstjóri, taka við umsjá verkefnisins.

„Verkefnið er haldið annað hvert ár og við fáum þekkt íslensk leikskáld til að skrifa í hvert sinn. Þau fá þau fyrirmæli að

Við eigum orðið góðan banka af sterkum leikverkum fyrir unga leikara, eða alls fjórtán verk.

skrifa krefjandi verk og gefa engan afslátt af listrænum gæðum þó þau séu að skrifa fyrir unga leikara," útskýrir Björn Ingi.

Núna er Þjóðleikur í útrás en verkefnið hefur fengið norrænan styrk til þess að styðja Grænland og Færeyjar í því að ýta út vör sínum eigin Þjóðleiksverkefnum.

„Þetta fer mjög vel af stað og við finnum fyrir miklum áhuga á þessu verkefni í báðum þessum löndum. Við erum í rauninni að kynna verkefnið fyrir þessum nágrannalöndum okkar og hjálpa þeim til að koma sams konar verkefni af stað hjá sér, þó svo að þessi lönd komi eflaust til með að laga verkefnið að sínum aðstæðum," segir Björn Ingi.

Fjöldi verka hefur verið saminn í gegn um árin. Eitt þeirra, Tjaldíð, eftir Hallgrím Helgason, verður notað í grænlenska og færeyska verkefninu.

„Við eigum orðið góðan banka af sterkum leikverkum fyrir unga leikara – eða alls fjórtán verk. Tjaldíð eftir Hallgrím Helgason verður þýtt fyrir færeyskan og grænlenskan Þjóðleik og að auki er hugmyndin að boðið verði upp á eitt færeyskt verk og eitt grænlenskt. Þetta gæti orðið spennandi blanda," segir Vigdís og bætir við að hún voni að Þjóðleikur geti skipt jafn miklu máli í Grænlandi og Færeyjum og hann hefur gert hér.

„Verkefnið leggst mjög vel í okkur og það er gaman að fá tækifæri til að koma svona verkefni eins og Þjóðleik á koppinn hjá frændþjóðum okkar," segir Björn Ingi.

Hvernig er að vinna náið með Grænlendingum núna, er það ekki jákvætt og gott að styrkja samstarfið milli landanna í kjölfar atburðanna hræðilegu sem áttu sér stað í síðasta mánuði? „Það er mjög gott að mínu viti og sérstaklega mikilvægt og jákvætt eftir það sem á undan er gengið að svona samstarf einsog þetta verði sýnilegt út á við og fólk í Grænlandi finni að þessi atburður hafi ekki áhrif á viðhorf okkar til þess," útskýrir Björn Ingi. [gudrunjona@frettabladid.is](mailto:gudrunjona@frettabladid.is)



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Rafn Halldór Gíslason**

lést þriðjudaginn 14. febrúar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.30.

Gísli Rúnar Rafnsson  
Gunnar Helgi Rafnsson  
Vigdís Lovísa Rafnsdóttir  
Anna Sigrún Rafnsdóttir

Erna Björg Guðjónsdóttir  
Guðmundur Geirsson  
Kristján Heirsson  
afa- og langafabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hreiðar Kristinn Sigfússon**

bóndi, Ytra-Hóli, Eyjafjarðarsveit, sem lést 18. febrúar verður jarðsungið frá Munkaþverarkirkju laugardaginn 25. febrúar kl. 13.30.

Hrefna Hreiðarsdóttir  
Sigurlína Hreiðarsdóttir  
Sigfús Hreiðarsson  
Frosti Hreiðarsson  
Hreiðar Hreiðarsson  
Bára Hreiðarsdóttir

Ólafur Theódórsson  
Magnús Oddsson  
Fanney Harðardóttir

Heiða Hrönn Theodórsdóttir  
John Miller  
og barnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Gíslína Björnsdóttir**

Grandavegi 47, Reykjavík, áður Holtsgötu 41, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, mánudaginn 20. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Sigríður Pálsdóttir  
Inga Þóra Ingvarsdóttir  
Gíslína Skúladóttir  
Haukur Þór Ólafsson



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,  
**Laufey Sólmundsdóttir**

hjúkrunarheimilinu Mörk, áður Einimel 12, Reykjavík, lést á heimili sínu sunnudaginn 19. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirku þriðjudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Magnús Björn Jónsson  
Ellert Már Jónsson  
Ágúst Már Jónsson  
Sólmundur Már Jónsson  
Björn Már Jónsson  
Guðrún Rós Jónsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín V. Á. Sveinsdóttir  
Hildur Ríkarðsdóttir  
Guðný Þorvarðardóttir  
Halla Margrét Jóhannesdóttir  
Melkorka Gunnarsdóttir  
Jochen Kattoll



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,  
**Þóra Ragnheiður Þórðardóttir**  
frá Þórshöfn á Langanesi, til heimilis að Ásvegi 29 á Akureyri,

lést á heimili sínu laugardaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. febrúar klukkan 13.30.

Bergur Steingrímsson  
Emil Þór Vigfússon  
Gyða Ragnheiður Bergsdóttir  
Stefán Steingrímur Bergsson  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ríkharður Jónsson**  
Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi,

sem lést þriðjudaginn 14. febrúar verður jarðsungið frá Akraneskirku mánudaginn 27. febrúar kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeir sem vilja minnst hans láti líknarfélög njóta þess.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir  
Hrönn Ríkharðsdóttir  
Ingunn Ríkharðsdóttir  
Sigrún Ríkharðsdóttir  
Jón Leó Ríkharðsson

Daði Runólfsson  
Þórður Elíasson  
Kristján Hannibalsson

Kicki Anderson  
og afabörn.



# SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



STÓLAR · HILLUR · SKÁPAR · SKÚFFUR · SKRIFBORD  
RAFMAGNSSKRIFBORD FRÁ KR. 56.000

# Hirzlan

## TOPSTAR STÓLAR Á ÚTSÖLU

  
MADE IN GERMANY



**-50%**

OPEN ART SVARTUR  
127.800 kr.  
**63.900 kr.**



**-30%**

OPEN POINT SY  
59.900 kr.  
**41.930 kr.**



**-40%**

TOP PRO  
32.900 kr.  
**19.800 kr.**



**-50%**

